



Draumurinn um frelsi

Hlutverk Ísraels og Palestínu á sviði hins félagslega leikrits

Kolbrún Magnea Kristjánsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Draumurinn um frelsi
Hlutverk Ísraels og Palestínu á sviði hins félagslega leikrits

Kolbrún Magnea Kristjánsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði
Leiðbeinandi: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Kolbrún Magnea Kristjánsdóttir

Reykjavík, Ísland 2014

Útdráttur

Þessi ritgerð fjallar um hið flókna ástand sem hefur myndast milli Ísraels og Palestínu. Farið verður yfir trúarlegan grunn sögunnar, aðkomu Breta að stofnun Ísraels og hugmyndafræði sionisma sem er pólitísk hreyfing gyðinga. Farið verður yfir hugtökin þjóð, þjóðerni og lýðveldi og komist að þeirri niðurstöðu að í Ísrael ríki ekki fullt lýðræði heldur það sem kalla mátti þjóðernisveldi (e. *ethnocracy*.) Samsemdarpólitík Palestínumanna og gyðinga er skoðuð og borin kennsl á þá þætti sem eru sameiginlegir hjá hópunum. Þeir þættir eru meðal annars Helförin hjá gyðingum og afleiðingar stríðsins 1948 sem Palestínumenn nefna *al-Nakbah*. Fjallað verður um aðgerðir ísraelskra yfirvalda í garð Palestínu út frá hugtakinu rýmiseyðing sem felur í sér kerfisbundna eyðileggingu og aðskilnað. Komist er að þeirri niðurstöðu að Ísrael hefur með stefnu sinni verið að beita Palestínumenn rýmiseyðingu og lagt er til í lok ritgerðarinnar að bætt verð nýrri vídd á hugtakið svo hægt sé að rannsaka afleiðingar af aðgerðum Ísraels. Lagt er til að sú vídd verði kölluð hagræn rýmiseyðing.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1 Kenningar og hugtök	7
1.1 Hið félagslega leikrit.....	7
1.2 Menningarlegur auður.....	7
1.3 Habitus	9
1.4 Valið áfall	9
1.5 Les lieux des mémoires.....	10
1.6 Diaspora	10
2 Sögulegt samhengi	12
2.1 Hin helga fortíð.....	12
2.2 Hlutverk Breta í stofnun Ísraels	14
2.3 Hugmyndafræði Síonisma	15
3 Samsemdarstjórnarmál Ísraels og Palestínu	18
3.1 Þjóð og þjóðerni.....	18
3.2 Lýðræði eða lýðræðishalli?.....	19
3.3 Al-Nakbah.....	21
3.4 Hin pólitíska samsemd.....	23
4 Rýmiseyðing	27
4.1 Kerfisbundin eyðilegging	27
4.2 Veggurinn: Öryggi eða aðskilnaður?	29
4.3 Helguð valdbeiting: Eignarnám	31
4.4 Pólitísk útilokun.....	32
Heimildaskrá:	38
Viðauki 1.	43
Viðauki 2.	44
Viðauki 3.	45

Inngangur

Ég man glöggst hvenær ég varð fyrst vör við tilvist Ísraelsríkis. Ég var lítil stúlka og sat inni í eldhúsi með móður minni þar sem við áttum ævinlega notalegt spjall. Í þetta skipti var hún að segja mér frá draumi sem hún átti sem unglingur, draum sem rættist aldrei eins og svo gjarnt er með drauma. Móðir mín er alin upp í innsveitum Eyjafjarðar og þegar hún komst á unglingsár þráði hún ævintýri og spennu. Á þeim árum var þó nokkuð af fólki sem ferðaðist til Ísraels í þeim tilgangi að týna appelsínur á samyrkjubúum gyðinga og upplifa frelsi ólíkt stritinu heima við, þangað langaði hana að fara. En svo tók lífið og kaldur veruleikinn við og draumurinn um frelsið, appelsínurnar og fyrirheitna landið Ísrael rættist því miður ekki. Mörgum árum seinna sátum við svo saman í eldhúsinu og má segja að þar hafi draumurinn tekið á sig nýja mynd. Því eftir þessa stund fékk ég ómældan áhuga á öllu sem við kom Ísrael og Palestínu og las allt sem ég gat fest hendur á. Samtal mitt og móður minnar varð í raun kveikjan að þessari ritgerð. Draumurinn um appelsínurnar breyttist í þrá eftir vitneskju og skilningi.

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar mun ég fjalla ítarlega um þau hugtök sem ég hyggst beita við greiningu á ástandinu og skilgreina þau. Þau átök sem eiga sér stað milli Ísraels og Palestínu eiga sér langa sögu og svo unnt sé að ná skilningi á efninu er nauðsynlegt að fara yfir hinn sögulega bakgrunn og um það fjallar annar kafli. Hann skiptist í þrennt og valdi ég að fjalla um þau þrjú tímabil sem eru hvað mikilvægust í samsemdarpólitík gyðinga og araba. Fyrst fer ég yfir trúarlegan bakgrunn sögu landsvæðisins, því næst vikur sögunna að hlutverki Breta og nýlenduvæðingu Palestínu og loks fjalla ég um hugmyndafræði síonisma og stofnun Ísraelríkis.

Ekki eru allir sammála um hvort Palestína standist skilgreiningu sem þjóð. Um það eru ekki allir sammála og mun ég byrja þriðja kafla á umfjöllun Thomas Hylland Eriksen og Guðmundar Hálfðánarsonar um þjóð og þjóðerni. Í þessu samhengi er hugtakið lýðræði er órjúfanlegur þáttur í umræðu um þjóðríki og öðrum hluta kaflans fer ég yfir hugtökin lýðræði, lýðræðishalli og hugmyndir Oren Yiftachel um þjóðernisveldi (e. ethnocracy) (Yiftachel, 1997). Kemst ég að þeirri niðurstöðu að það ríki ekki fullt lýðræði innan ísraelska stjórnkerfisins heldur eigi hugtak Yiftachel um þjóðernisveldi frekar við í þessu tilfelli. Í sama kafla mun ég fjalla um helstu atriði samsemdarpólitíkur Palestínumanna og gyðinga og gera samanburð á þeim og beiti ég þar meðal annars kenningu Victor Turners um hið félagslega leikrit.

Málefni Palestínu og Ísraels hafa verið í brennidepli síðustu árin hvort sem það er í fjölmiðlum, hjá mannréttindasamtökum eða við eldhúsborðið. Margar ólíkar skoðanir og hugtök hafa komið upp í umfjölluninni í kjölfarið. Eitt af þessum hugtökum er þjóðarmorð og vilja sumir meina að ísraelsk stjórnvöld séu að þurrka út Palestínu með þeirri aðferð. Hugtakið þjóðarmorð vekur upp mikinn óhug og hrylling og í þessari ritgerð mun ég skoða hvort þessi grófa lýsing á aðgerðum Ísraels gagnvart Palestínu eigi við rök að styðjast og hvaða áhrif hún hefur á samfélagið. Þar beiti ég hugtakinu rýmiseyðing (spatiocide) og aðferðir hennar sem eru kerfisbundin eyðilegging og aðskilnaður. Með beitingu hugtaksins kemst ég að þeirri niðurstöðu að aðferðir Ísraels gagnvart Palestínumönnum eru ekki þjóðarmorð heldur sé um rýmiseyðingu að ræða. Að lokum dreg ég saman efni ritgerðarinnar og birti niðurstöður.

1 Kenningar og hugtök

1.1 Hið félagslega leikrit

Victor Turner lagði fram kenningu sem kallast hið félagslega leikrit (e. social drama). Kenningin byggist á fjórum þrepum; rof (e. breach) – krísu (e. crisis) – stigminnkandi aðgerð (e. redressive action) og samþættingu eða klofnun (e. reintegration or schism). Rof á sér stað í samfélagi þegar ákveðinn atburður gerist sem verður að ógn við félagslegar einingar þess. Krísa verður til þegar ástandið magnast og verður opinbert. Þessari krísu er svo mætt með stigminnkandi aðgerðum. Ef vel tekst til við að leysa krísuna verður úr samþætting en ef ekki verður klofningur milli andstæðra sjónarhorna í samfélaginu. (Schecher, 2006) Samkvæmt Turner (Schecher, 2006:75) þá er krísan millibilsástand (e. liminal), ástand sem neyðir ráðamenn til aðgerða. Schecher (2006) bendir á að kenning Turner sé ekki gallalaus en segir jafnframt að hún sé gott tæki til að greina flókið ástand og smætta þær niður í viðráðanlegri og auðskiljanlegri einingar (Schecher, 2006). Þannig að inntak kenningarinnar er að þegar tvær eða fleiri pólitískar persónur eða hópar koma saman á sama félagslega sviði þá verður úr því félagslegt leikrit. Hið félagslega leikrit byggir á því að samfélagið sé spennuhlaðið ferli þar sem miðflótta- og miðsóknarafl togast á. Leikendur í félagslega leikritinu reyna allir að hámarka hag sinn og þegar spennan er orðin óbærileg þá er orðið krísuástand. Þessi krísa nær hámarki með endurreisn tímabundins og óstöðugs jafnvægis. Spennan leysist aldrei alveg upp en samfélagið aðlagast, ein hliðin eykur styrk sinn á meðan dregur úr styrk hinnar hliðarinnar (Lewellin, 1992; Turner, 1996). Ástandið milli Palestínnumanna og Ísraels er skýrt dæmi um hið félagslega leikrit Turners. Ísraelar eru tregir við að samþykkja Palestínnumenn og Palestínnumenn krefjast samþykktar. Úr verður spenna í samfélaginu sem hefur ítrekað brotist út með ofbeldi, misbeitingu valds og andófi. Svo lægir öldurnar á milli mestu spennutímabilana en jafnvægið er tímabundið, óstöðugt og í tilfelli hins ísraelska samfélags, nær undantekningarlaust á kostnað minnihlutahópsins.

1.2 Menningarlegur auður

Pierre Bourdieu lagði fram þá kenningu að maðurinn eigi sér fjórar tegundir auðs. Auður getur verið efnahagslegur, félagslegur, táknrænn og menningarlegur og er hægt að skipta þeim út fyrir hvorn annan (Bourdieu, 1986; Gestur Guðmundsson, 2008). Með hugtakabeitingunni auður lagði Bourdieu áhersluna á að það gildir margt það sama um menningarlegan auð og efnahagslegan auð. En með hugtakinu er einnig lögð áhersla á

að menningarlegur auður er annar en efnahagslegur auður, það er að segja að gildi þeirra og verðmæti eru önnur ásamt því að mælikvarðarnir á hvað sé raunverulega auður eru ólíkir (Bourdieu, 1986; Gestur Guðmundsson, 2008).

Samkvæmt Bourdieu er grunnur menningarauðs yfirleitt lagður á æskulóðunum, nánar til tekið inni á heimilinu (Gestur Guðmundsson, 2008). Börn öðlast menningarlegan auð ef þau alast upp á heimilum þar sem mikið er um bókmenntir, listaverk hanga á veggjum, það er að þau alast upp í umhverfi sem elur á færni í menningu og kennir þeim að bera virðingu fyrir henni með uppsetningu innan heimilis og með því að ræða við börn um menningu og þjóðfélagsmál. Á slíkum heimilum læra börn að menning sé eftirsóknarverð og móta heimilin oft á tíðum viðhorf barna til náms og veldur því oft úrslitum um námsárangur. Bourdieu var þeirrar skoðunar að hægt sé að færa menningarlegan auð á þennan hátt á milli kynslóða en sagði jafnframt að það væri mun flóknara ferli en að færa efnahagslegan auð á milli kynslóða (Bourdieu, 1986; Gestur Guðmundsson, 2008). Í þessu felst visst félagslegt misrétti þar sem að sum börn fá mikinn menningarlegan auð í heimanmund en önnur ekki (Gestur Guðmundsson, 2008).

Bourdieu (1986) taldi að menningarlegur auður væri greypur inn í huga okkar og líkama, hann er sem sagt bæði huglægur og líkamlegur og birtist hann á þremur sviðum. Fyrsta stigið er hlutgerða stigið (*état objectifié*) og samanstendur hann af manngerðum hlutum eins og bókum, myndum og hljóðfærum svo eitthvað sé nefnt. Næsta stig er stofnanasviðið (*état institutionnalisé*) og vísar þá til meðal annars menntunar og menntunarstigs ásamt hæfileika. Að lokum er það líkamlega sviðið (*état incorporé*) og stendur þá menningarlegur auður fyrir varanlega eðlisþætti mannsins, til dæmis *habitus* (Bourdieu, 1986).

Hægt er að öðlast menningarlegan auð á ýmsan hátt og fer það gjarnan eftir samfélagi eða félagslegri stöðu hvers og eins, oft koma einstaklingar sér upp þessari tegund auðs á ómeðvitaðan hátt. Menningarlegur auður einstaklings er ólíkur efnahagslegum auði hans á þann hátt að hann lifir og deyr með einstaklingum, hann erfist ekki á sama hátt og fjármagn þó svo að viska einstaklingsins geti vissulega erfst frá honum til næstu kynslóðar í gegnum uppeldi. Þar sem að félagslegar aðstæður hafa mikil áhrif á söfnun menningarlegs auðs býr hann yfir svipuðum lögmálum og táknrænn auður, það er að hann er ekki viðurkenndur sem auður heldur sem viss hæfni einstaklings (Bourdieu 1986; Gestur Guðmundsson, 2008).

1.3 Habitus

Samkvæmt Roy Nash (1999) kemur orðið úr latínu, *habere*. Samkvæmt Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur (2005) búa allir yfir *habitus*. Pierre Bourdieu (Barnard, 2000) hélt fram að hugtakið *habitus* geti reynst gagnlegt þegar þarf að öðlast skilning á valdi og táknum í mannfræðilegu tilliti. Samkvæmt Bourdieu liggur *habitus* á milli þess hlutlæga og þess huglæga, á milli einstaklingsins og samfélagsins. *Habitus* er skilgreint innan menningar en þó er staðsetning *habitus* að finna í huga einstaklings. *Habitus* er þannig form félagslegra aðgerða sem verða að tilhneigingum sem einstaklingar innan sömu menningar skilja og samsama sig við og eru það einstaklingarnir sjálfir sem velja hvaða tilhneigingum er fylgt og í hvaða aðstæðum (Nash, 1999; Barnard, 2000). Það val er bundið *habitus* hvers og eins hverju sinni. *Habitus* getur verið verkfæri til að brúa bil milli andstæðna sem fyrirfinnast og getur *habitus* endurspeglað gerð samfélags og segja má að hann feli í sér vanabundnar afstöður (e. dispositions) sem byggjast á skynjun, gildismati og viðmiði sem viðkomandi einstaklingum er innrætt. Þannig að *habitus* er ekki meðfæddur heldur er hann áunninn og lærður (Crossley, 2001). Hann verður til í félagslegum ferlum og þannig verður til viðverandi mynstur sem er yfirfært yfir á nýjar aðstæður. Að þessu leyti má segja að *habitus* einstaklinga sé ekki fastmótað né varanlegt heldur hugarástand sem getur breyst í óvæntum aðstæðum eða hægt í gegnum lengri tíma (Navarro, 2006). Hægt er að líta á *habitus* sem huglæga formgerð sem verður til í félagslegum aðgerðum sem svo móta hvernig við skynjum aðstæður í umhverfi okkar (Bourdieu og Wacquant, 1992).

1.4 Valið áfall

Geðlæknirinn Vamik Volkan (2001) hefur rannsakað sjálfsmynd og samsemd þjóðernishópa. Volkan skilgreinir samsemd stórra hópa sem huglæga reynslu þúsunda eða milljóna manna sem tengjast í gegnum langvarandi samkennd á sama tíma og þeir deila fjölda persónueinkenna með öðrum úthópum. Megináhersla einstaklinga í stórum hópum er að viðhalda og vernda sjálfsmynd hópsins. Valið áfall (e. chosen trauma) er einn hluti þessarar sjálfsmyndar. Hugtakið valið áfall vísar til hugrænnar endurbyggingar sem hópurinn deilir á gífurlegu áfalli sem forfeður þeirra upplifðu af óvina höndum. Þegar stór hópur dregst saman og er ógnað er sjálfsmynd hans styrkt með því að endurvekja og þar með upplifa hið valda áfall. Sú endurvakning getur haft dramatísk og eyðileggjandi áhrif þar sem að einstaklingarnir í hópnum persónugera hinn valda atburð og ná þar af leiðandi ekki sátt (Volkan, 2001).

1.5 Les lieux des mémoires

Franski sagnfræðingurinn Pierre Nora hefur verið talinn einn áhrifamesti sagnfræðingurinn á sviði minnisrannsókna og setti hann fram kenninguna *lieux des mémoires* eða minningasvið. Nora (1989) gerði greinarmun á sameiginlegu minni (e. collective memory) þar sem hann gerði ráð fyrir að það væri til eitthvað sem hægt er að kalla raunverulegt minni annars vegar (Nora, 1989), það er þær minningar sem eru mótaðar af upplifunum einstaklinga af raunverulegum atburðum. Hins vegar gerði hann ráð því að til væri staðsetning (e. site) minnisins þar sem minnið er mótað og tilbúið með ákveðin markmið í huga. Hér er ekki nauðsynlegt fyrir einstaklinga að hafa verið þátttakendur í sérstökum atburði (1989). Það er í raun hægt að segja að þessi tegund minnis sé áunnin og lærð og tengist þannig menningarlegri arfleifð hópa.

Mótun minninga af þessari tegund er fjölbreytt. Þetta geta verið minnismerki um atburði, afmælis dagar tengdir honum, opinber gögn sem skjalfesta hann og gefa honum þannig löggilda merkingu í samfélaginu, sögur og minjasöfn. Samkvæmt Nora myndast *lieux des mémoires* á þeim tímapunkti sem minningasjóður hverfur (Nora, 1989: 11-12) það er að segja þegar sameiginlega minni hóps er horfið. Grundvallartilgangur *lieux des mémoires* er að stöðva tímann, gefa einstaklingum tækifæri til að glöggva sig á einhverju tilteknu ástandi eða veruleika, gera dauðann ódauðlegan og raungera hið óáþreifanlega (Nora, 1989: 19). Smám saman verður svo til nýr sameiginlegur minningasjóður sem verður hluti af daglegu lífi fólks og rennur saman við siði þeirra og venjur. Þannig að það sem skapast og situr eftir eru *lieux des mémoires*.

1.6 Diaspora

Skilgreiningin á hugtakinu diaspora getur verið margvísleg og jafnframt getur það verið mismunandi hvernig fræðasvið túlka eða þýða það (Vertovec, 1999). Hugtakið er gjarnan þýtt sem tvíheimur eða tvístrun en það beinir sjónum að ógreinilegri stöðu hópa, stöðu fólks sem hluti af heild og um leið tilvist þess utan heildarinnar. Í þessari ritgerð mun ég styðjast við bæði þýðinguna tvístrun og *diaspora*. William Safran (1988) segir hugtakið eiga uppruna sinn í tvístrun gyðinga frá sínu sögulega heimalandi og hugtakið gefi þá í skyn smánun og undirokun. Samkvæmt Thomas Hylland Eriksen (2002) vísar hugtakið til þeirra hópa sem tengja sjálfsmynd sína og samsama sig við ættjörð þrátt fyrir þá staðreynd að þeir hafi ekki stigið fæti á landið sjálft.

Diaspora felur í sér fjölbreytt sögulegt og samtímalegt ástand, einkenni, ferla og upplifanir. Eitt helsta einkenni diaspora er hið þríþætta samband milli a) hópa sem

tvístrast milli heimshorna en samsama sig þrátt fyrir það markvisst innan ákveðins þjóðernishóps b) landsvæðanna og aðstæðna þar sem hóparnir dveljast c) heimalandsins og samband þeirra við forfeður (Vertovec, 1999: 3). Samkvæmt Steven Vertovec (1999) hafa hinir fornu tvístruðu hópar orðið að þverþjóðlegum samfélögum, styrktir af félagslegum stofnunum, hreyfanleika og samskiptum. Diaspora er þannig ekki fast og óumbreytanlegt ástand heldur lifandi og flæðandi. Birtingarmynd þess er að atburðir sem gerast í heimalandi hóps geta haft mikil áhrif á þá einstaklinga sem samsama sig við tiltekið svæði. Landfræðilega fjarlægir atburðir geta jafnvel styrkt samsemdarsköpun fólks og fengið það til að finnast það vera hluti af einhverju sem það fann ekki fyrir áður. Það gæti byrjað að skipuleggja sig pólitískt til að reyna að hafa áhrif á eitthvað tiltekið ástand í því landi sem það telur vera heimaland sitt (Lahneman, 2005).

Hér má nefna dæmi um þá Palestínumenn sem búa hér á Íslandi og eru meðlimir í samtökunum Ísland-Palestína. Sú hreyfing berst fyrir mannréttindum Palestínumanna og reynir að hafa áhrif á pólitískt ástand í Ísrael og Palestínu. Önnur samtök af svipuðum toga þekkjast í fleiri löndum og eiga þau það sameiginlegt að brottfluttir Palestínumenn eða Palestínumenn sem aldrei hafa komið til landsins berjast fyrir réttindum þeirra sem þar búa, og þá réttindum sínum í leiðinni því þeir samsama sig við landið. Einnig má taka dæmi um gyðinga sem búsettir eru utan Ísrael. Starfsett eru ýmis samtök eins og Avi Chai Foundation og Simon Wiesenthal Center í Bandaríkjunum sem styðja Ísrael. Samtök sem þessi styrkja Ísrael á efnahagslegan og pólitískan hátt og vekja athygli á Helförinni. Hugtakið diaspora er þannig gott tæki til að varpa ljósi á ákveðna hópa eða einstaklinga í sérstökum aðstæðum (Eriksen, 2002).

2 Sögulegt samhengi

2.1 Hin helga fortíð

Samkvæmt trúarritum múslima og gyðinga, Kóransins og Tóra, eiga gyðingar og arabar rætur að rekja til sama uppruna. Fyrir um 6000 árum síðan á semískur hirðingi að nafni Abraham hafa fylgt vagnalest vestur með bökkum Tígris og Efrat í áttina að Kanaanlandi (Rowley og Taylor, 2006, Kramer, 2011). Á ferðalagi sínu sannfærðist Abraham um að Guð væri að vísa honum að fyrirheitna landinu:

Og ég mun gjöra þig mjög frjósaman og gjöra þig að þjóðum, og af þér skulu konungar koma. Og ég gjöri sáttmála milli mín og þín og þinna niðja eftir þig, frá einum ættlið til annars, ævinlegan sáttmála: að vera þinn Guð og þinna niðja eftir þig. Og ég mun gefa þér og niðjum þínum eftir þig það land, sem þú nú býr [svo] í sem útlendingur, allt Kanaanland til ævinlegrar eignar, og ég skal vera Guð þeirra (Biblían, 2007, 1. Mósebók 17:6-8).

Hebrear eða öðru nafni gyðingar sem var ættbálkur Abrahams slógu upp tjöldum sínum á því landsvæði sem seinna varð þekkt sem Palestína¹ en í þá daga bjuggu þar fjölbreyttir hópar undir stjórn Egypta (Rowley og Taylor, 2006). Samkvæmt Biblíunni eignaðist Abraham tvo syni, Ísak sem hann feðraði með Söru eiginkonu sinni og Ísmael sem hann gat með egypskri ambátt að nafni Hagar. Í 1. Mósebók er sagt frá því hvernig Abraham gaf Ísak yfirráð yfir fylgismönnum sínum. Þar segir einnig frá því hvernig eldri sonur Ísaks seldi frumburðarrétt sinn til yngri bróður síns. Yngri bróðurinn var upphaflega nefndur Jakob en Guð átti að hafa birst honum og gefið honum nafnið Ísrael sem merkir prins Guðs. Enn í dag skilgreina gyðingar sig sem börn Ísraels (Biblían, 2007; Rowley og Taylor, 2006).

Svo sögunni sé vikið aftur að Abraham þá taldi eiginkona hans hann á að reka Ísmael og móður hans Hagar út í eyðimörkina. Í 1. Mósebók birtist Guð Hagar og hét henni að Ísmael myndi „[...] verða maður ólmur sem villiasni, hönd hans mun vera uppi á móti hverjum manni og hvers manns hönd uppi á móti honum, og hann mun búa andspænis öllum bræðrum sínum“ (Biblían, 2007, 1. Mósebók, 16:12). Ísmael og fylgjendur hans urðu í kjölfarið að hirðingjum eyðimerkurinnar, seinna þekktir sem

¹ Sjá viðauka 1.

arabar. Þannig að gyðingar og arabar eru semískir frændhópar og er sameiginlegur forfaðir þeirra Abraham (Rowley og Taylor, 2006).

Um 1700 f. Kr. yfirgáfu gyðingar Palestínu og héldu til Egyptalands að fyrirskipan Jóseps þar sem hann taldi það einu leiðina til að bjarga þeim frá hungursneyð. Gyðingar voru hnepttir í þrældóm sem þeir náðu að flýja með hjálp Móses. Eftir að hafa lifað sem hirðingjar í 40 ár sneru þeir aftur til Palestínu, nú undir handleiðslu Jósúa. Um 1250 f. Kr. náðu gyðingar yfirráðum í Jeríkó og stuttu seinna höfðu þeir lagt undir sig allt landið og voru ríkjandi í um 600 ár. Síðasta palestínska borgin sem féll í þeirra hendur var Jerúsalem en hún varð að andlegri og veraldlegri höfuðborg gyðinga (Sa`di, 2002; Rowley og Taylor, 2006). Landið sjálft varð stór hluti af samsömun gyðinga sem trúarhóps og rót margra trúarhefða. (Sa`di, 2002).

Árið 721 f. Kr. réðist konungur Assyríu inn í landið og rak flesta gyðingana aftur til Mesópótamíu, landsins sem forfaðir þeirra Abraham hafði yfirgefið mörgum öldum áður. Vilja Rowley og Taylor (2006) meina að þetta hafi verið upphafið af tvístrun gyðinga. Jerúsalem var undir yfirráðum gyðinga til 586 f. Kr. en þá tók Nebúkadnesar borgina á sitt vald og eyðilagði eitt helgasta kennileiti gyðinga, hof Salómons (Rowley og Taylor, 2006).

Á meðan þessi upplausnartími gyðinga stóð yfir lifðu arabar nokkuð friðsamlegu lífi á Arabíuskaganum sem staðsettur er suð-austur af Palestínu. Á sjöundu öld voru þeir sameinaðir af Múhameð spámanni upphafsmanni íslamstrúar. Um hundrað árum eftir að Múhameð lést var Arabía orðin að stórveldi sem náði frá landamærum Kína, gegnum Mið-Austurlönd, hluta af Norður-Afríku og yfir til Spánar. Palestína hafði og hefur enn sérstaka þýðingu fyrir múslima því samkvæmt Kóraninum ferðaðist Múhameð frá Mekka til Jerúsalem á vængjaða hestinum *El Burak*. Frá Jerúsalem á hann að hafa farið upp í gegnum sjö stig himnaríkis og hitt *Allah* sem gaf honum kennisetningar íslamtrúarinnar. Innan gömlu Jerúsalem stendur Ómarsmoskan með sitt gyllta hvolfpak og Grátmúrinn sem eru minnisvarðar um för Múhameðs (Rowley og Taylor, 2006).

Þessir þættir trúarinnar eru mikilvægir þættir í samsemdarpólítík gyðinga og arabískra múslima og í þeim má finna grunninn af þeirri sterku tengingu sem hóparnir hafa við Ísrael og Palestínu.

2.2 Hlutverk Breta í stofnun Ísraels

Í nóvember 1917 gaf breska ríkisstjórnin út Balfour yfirlýsinguna sem átti eftir að verða lagalegur grundvöllur fyrir stofnun Ísraels. Samkvæmt henni styður breska ríkisstjórnin stofnun ríkis fyrir gyðinga í Palestínu og muni sína viðleitni til að auðvelda þeim verkefnið. Tekið er skýrt fram í yfirlýsingunni að ekki megi koma til skerðingar á réttindum þeirra sem búa þar fyrir (Rowley og Taylor, 2006; Gerson, 1978). Taylor og Rowley (2006) halda fram að arabar og gyðingar hafi túlkað yfirlýsinguna á ólíkan hátt og þar sé að finna eina að þeim ástæðum fyrir árekstrunum sem komu í kjölfarið. Gyðingar töldu að Balfour yfirlýsingin sýndi fram á nú væri sagan þeim hliðholl (Pappé, 2004) og það sem áður hafði aðeins verið fjarlægur draumur gæti í raun og veru ræst.

Arabar túlkuðu skjalið aftur á móti á þann hátt að að þarna væri verið að binda lagalegan rétt þeirra í landinu helga. Það sem studdi túlkun þeirra á skjalinu og trúna um að öðlast sjálfstætt ríki var að 1916, ári fyrir undirskrift Balfour yfirlýsingarinnar, hafði breska ríkisstjórnin hvatt araba til að gera uppreisn gegn Ottómönnum gegn því loforði að þeir fengju sér arabískt ríki. Samkvæmt skilningi araba átti þetta ríki að fela í sér landsvæði Palestínu. Á grunni þessa loforðs hófst Arabíska uppreisnin árið 1916. Bretar stóðu aftur á móti ekki við gefið loforð og fór það svo að Þjóðabandalagið² samþykkti árið 1922 samning um stjórn Palestínu. Samkvæmt þessum samningi fengu Bretar yfirráð yfir landinu og Palestína sem nýlenda varð til³ (Rowley og Taylor, 2006; Gerson, 1978; Pappé, 2004).

Þó svo að pólitísk loforð hafi verið svikin hafði tilvist Breta í Palestínu ýmis jákvæð áhrif. Grunnskólakerfið varð mun betra, landbúnaður og framleiðsla jókst og lífslíkur íbúa hækkuðu um 15 ár vegna bólusetningar sem Bretarnir innleiddu (Pappé, 2004; Rowley og Taylor, 2006). Pappé (2004) vill þó meina að aðgerðir breskra stjórnvalda hafi verið gerðar með það í huga að koma í veg fyrir óvild í garð nýlenduveldisins. Hann rökstyður það með því að benda á að einungis hafi grunnskólakerfið verið styrkt en allt framhalds- og háskólanám sniðgengið og með sjáist að Bretar hafi viljað hægja á þróun og nútímavæðingu araba. Pappé (2004) er ekki einn um að halda því fram að þetta hafi verið pólitískar friðþægingaraðgerðir af hálfu Breta í

² League of Nations sem starfrækt var á árunum 1919-1946.

³ Sjá viðauka 2.

garð Palestínumanna heldur eru Noam Chomsky (Chomsky og Pappé, 2010) og Norman G. Finkelstein á (1995) sömu skoðunar.

Undir nýlendustjórn Breta sem réð ríkjum frá 1920 til 1948 (Chomsky og Pappé, 2010) fengu gyðingar ráðgefandi hlutverk en arabar voru útilokaðir (Rowley og Taylor, 2006). Þessi ákvörðun Breta sýnir að gyðingum en ekki arabum var treyst fyrir pólitískum ákvörðunum og er þetta jafnframt fyrsta dæmið að mínu mati um beina pólitíska útilokun araba. Frakkland, Ítalía og Bandaríkin höfðu samþykkt Balfour yfirlýsinguna (Gerson, 1978) og þar með lagt blessun sína yfir þá kerfisbundnu pólitísku útilokun araba sem fylgdi í kjölfarið.

Þó svo gyðingar hefðu ráðgefandi hlutverk við nýlendustjórn Breta töldu þeir nauðsynlegt að koma á fót sínum eigin pólitískum stofnunum og gerðu arabar það einnig. Mikilvægasta stofnun gyðinga á þessum tíma var Síóníska framkvæmdavaldið en arabar stofnuðu Supreme Muslim Council. Árið 1923 var stjórnvald Palestínu í raun þrískipt; Bretar, gyðingar og arabar en einungis Síóníska framkvæmdavaldið var samþykkt af breskum stjórnvöldum. Samtök araba voru ekki samþykkt opinberlega en þeir fengu óformlega að sjá um þau málefni sem snertu þeirra eigin hóp (Rowley og Taylor, 2006).

2.3 Hugmyndafræði Síonisma

„[...] það eru allir fæddir í synd, einnig þjóðir“⁴

Hugmyndafræði síonismans fæddist í Evrópu í lok nítjándu aldarinnar en á þeim tíma voru gyðingar dreifðir um marga heimshluta og voru kjör þeirra og réttindi ólík eftir búsetu en einnig ólík eftir áherslum hópa í tengslum við trúarbrögð (Ben-Ami, 2006; Lewis, 1993). Á þessum tíma fór að bera á tveim fylkingum, þeim sem aðhylltust rétttrúnað og svo þeir gyðingar sem vildu veraldlegri (e. secular) tilvist og töldu nauðsynlegt fyrir hópinn að rjúfa þessi sterku tengsl við trúarbrögðin. Gyðingar í til að mynda Austur-Evrópu og Rússlandi fóru að rísa opinberlega upp gegn boðum og bönnum rabbína og vildu finna pólitíska lausn á því mikla vandamáli sem gyðingar stóðu frammi fyrir (Rowley og Taylor, 2006; Lewis, 1993). Líkt og hugsjónamaðurinn Moshe Leib Lilienblum, sem var einn af meðlimum hreyfingarinnar sagði: „Í rúmlega

⁴ [...] everybody is born in sin, including nations (Goodman og González, 2006). Schlomo Ben-Ami, fyrrum utanríkisráðherra Ísraels lét þessi orð falla í sjónvarpsviðtali og lýsa þau vel afstöðu hans gagnvart hvernig staðið var að stofnun ríkisins.

600 ár höfum við reynt að sanna fyrir Evrópu að við við borðum hvorki mannakjöt né drekkum við blóð Jesú Krists, hvílík skömm“ (Vital, 2001: 384). Eins og sést á orðum Lilienblaum þá höfðu gyðingar fengið nóg af skömm og niðurlægingu sem fylgdi því að búa í fordómafullu umhverfi. Þessi hópur kallaði sig Síonista en sú nafnagift á rætur að rekja til Síon hæðarinnar sem staðsett er í Jerúsalem (Rowley og Taylor, 2006).

Markmið hreyfingarinnar var að sameina útlæga gyðinga og endurreisa fullveldi í því landi sem þá var Palestína. Í upphafi var sionismi ekki pólitísk kennisetning í þeim skilningi að hægt væri að staðsetja hugmyndafræðina annað hvort til hægri eða vinstri. Hreyfingin samanstóð af hægri- og vinstrimönnum, miðju- og öfgamönnum og voru hugmyndirnar um lausn á vanda gyðinga eins fjölbreyttar í eðli sínu og hópurinn var sjálfur (Ben-Ami, 2006). Þannig að ekki voru allir á eitt sáttir um hvernig framkvæmdin um að stofna ríki ætti að ganga fyrir sig. Til voru þeir sem vildu komast að málamiðlun við araba og aðrir sem gátu ekki sætt sig við neitt annað en fullkomið alræðisvald yfir landinu (Finkelstein, 1995; Ben-Ami, 2006). Svo voru það þeir sem trúðu því að gyðingar og arabar gætu komið á fót jöfnum tveim ríkjum, svokölluð tveggja ríkja lausn (e. two-state solution) þar sem báðir hóparnir gætu lifað í sátt og samlyndi (Chomsky, 1999; Chomsky og Pappé, 2010). Enn í dag finnast þessar ólíku hugmyndir innan hreyfingarinnar og hefur Herbert S. Lewis (1993) bent á að afleiðingin sé flókið og oft á tíðum torskilið stjórnerfi. Þrátt fyrir ólíkar um hugmyndir um hvernig ríkið yrði að veruleika þá voru allir innan hreyfingarinnar sammála um nauðsyn þess að gyðingar myndu endurheimta það land sem þeir töldu sig eiga kröfu til hvernig sem svo yrði staðið að því. (Chomsky, 1999; Ben-Ami, 2006; Lewis, 1993)

Sá maður sem sionistahreyfingin er einna helst kennd við er austurríski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Theodor Herzl (Chomsky og Pappé, 2010). Samkvæmt Herzl gat það aldrei orðið nóg fyrir gyðinga að samlagast öðrum þjóðum því gyðingar væru ekki bara trúarlegur minnihlutahópur heldur þjóð sem þyrfti sitt eigið fullvalda ríki (Ben-Ami, 2006). Árið 1896 gaf Herzl út bókina *The Jewish State* sem vakti mikla athygli meðal tvístraðra gyðinga. Ári seinna stóð hann fyrir fyrsta þingi sionista sem haldið var í Basel í Sviss. Á því þingi var aðalmarkmið Síonista skilgreint og það markmið var að skapa heimili fyrir gyðinga í Palestínu helgað af lögum og trú gyðingdómsins (Ben-Ami, 2006; Pappé, 2004). Hannah Arendt (1968) benti síðar á að það hefði ekki leyst vandamál gyðinga að stofna nýtt ríki á landsvæði sem aðrir bjuggu

á fyrir, heldur hefði það þvert á móti skapað nýtt vandamál eins og átti svo sannarlega eftir að koma í ljós.

Markmiðið varð að veruleika sama dag og arabar gerðu sér grein fyrir að þeir myndi ekki endurheimta landið sitt. Sá dagur var dagurinn sem skrifað var undir samning um formlega stofnun Eretz-Israel⁵, 14. maí 1948 (Pappé, 2004). Þessi dagsetning vekur upp sterkar tilfinningar meðal bæði gyðinga og araba. Fyrir gyðinga er þetta Þjóðhátíðardagur Ísraels, tilefni til að gleðjast og fagna. Fyrir Palestínumönnum er þetta dagur hörmunga, sorgar og missis – *Al Nakbah*. En fyrir báðum hópum hefur 14. maí 1948 mikla þýðingu hvað varðar hugmyndir þeirra um þjóðerni sitt og samsemd.

⁵ Sjá viðauka 3.

3 Samsemdarstjórnsmál Ísraels og Palestínu

3.1 Þjóð og þjóðerni

Thomas Hylland Eriksen (1994) skilgreinir Palestínumenn sem frumþjóð (e. proto-nation) og samkvæmt skilgreiningunni um frumþjóðir halda stjórnsmálaleiðtogar á lofti hugmyndafræði um að hópurinn hafi rétt á sínu eigin þjóðríki og ætti ekki að lúta stjórn annarra. Þó svo hópar sem þessir eigi ekki sitt eigið þjóðríki í bókstaflegum eða lagalegum skilningi eiga þeir samt sem áður meira sameiginlegt með þjóðum en öðrum minnihlutahópum eða frumbyggjum. Hóparnir eru svæðisbundnir, aðgreindir vegna stéttastöðu og menntunar og eru stórir. Samkvæmt algengri skilgreiningu gætu þeir verið kallaðir þjóð án ríkis (Eriksen, 1994).

Svo þjóðerni geti myndast þurfa hópar að komast í návígi við hvern annan og búa yfir hugmynd að þeir séu að einhverju leyti menningarlega ólíkir hverjum öðrum. Ef þessum skilyrðum er ekki mætt er ekki hægt að tala um þjóðerni því það er hluti af sambandi, ekki eign hópar og því er hægt að segja að þjóðerni skapist í samskiptum (Eriksen, 1994). Þjóðerni er þannig hluti af félagslegu sambandi fólks sem lítur á sig aðgreinda frá meðlimum annarra hópa sem það á í samskiptum við. Þetta er hægt að skilgreina sem félagslega samsemd sem einkennist af hugmynd um tilbúinn skyldleika. Þegar menningarlegur mismunur hefur reglulega áhrif á samskipti milli hópa fær félagslega sambandið á sig þjóðernislega tengingu ásamt því að hafa áhrif á sköpun sjálfsmyndar (Eriksen, 1994). Þjóðerni hefur því pólitískar, stofnanakenndar og táknrænar hliðar. Þetta á sér í lagi við ísraelskt og palestínskt þjóðerni þar sem hóparnir búa þétt saman í umhverfi sem hefur mótað sérstaklega neikvæðar tilfinningar í garð þjóðernis hvers annars.

Í grunni hugmyndarinnar um þjóðerni liggur beitingin á kerfisbundinni aðgreiningu milli þeirra sem gjarnan er kallað *við og hinir* (Eriksen, 1994) og á þetta vel við um það félagslega leikrit sem Ísraelar og Palestínumenn eru þátttakendur í. Án þessa lögmáls getur ekkert þjóðerni fyrirfundist þar sem þjóðerni gerir ráð fyrir stofnanakenndu sambandi milli hópa sem telja sig menningarlega auðkennda. Því meira samband sem er milli hópa því meiri áherslu leggja þeir á sín menningarlegu sérkenni. Þjóðerni er á þennan hátt skapað með félagslegu sambandi. Þó svo að þjóðerni sé ekki algjörlega skapað af einstaklingum þá getur það gefið einstaka gerendum merkingu og

rutt leiðina fyrir menningarlegum hagsmunahópum (Eriksen, 1994) og hér má nefna til dæmis félagið Ísland-Palestína sem berst fyrir réttindum Palestínu.

Guðmundur Hálfðánarson fjallar í bók sinni Íslenska þjóðríkið (2001) um hugmyndir franska málvísindamannsins og trúarbragðafræðingsins Ernest Renan varðandi þjóðarhugtakið. Samkvæmt Renan þá duga þættir á borð við tungumál, landfræðilega afmörkun eða trú ekki til vísindalegrar greiningar á þjóðerni. Samkvæmt Renan þá ræðst þjóðerni fremur af sameiginlegum vilja einstaklinga og að „líf þjóðar sé [...] dagleg atkvæðagreiðsla“ (Guðmundur Hálfðánarson, 2001: 18). Þessi hugmyndafræði á vel við veruleika Palestínumanna. Þeir stunda mismunandi trúarbrögð, tala mismunandi tungumál og landfræðileg staðsetning er ekki nauðsynleg forsenda fyrir því að geta talið sig Palestínumann. Samkvæmt Sahliyah (1993) þá er stór hluti af sjálfsmynd þeirra að að fá viðurkenningu sem sér þjóðernishópur þar sem það sé þannig sem þeir kjósa að líta á sig.

Það sama má segja um gyðinga. Þegar Ísraelsríki var stofnað og gyðingar byrjuðu að flytjast til landsins um og eftir stríðið 1948 sást hversu fjölbreyttur hópur þetta var í raun og veru. Samkvæmt Lewis (1993) voru í upphafi töluð um fimmtíu tungumál í landinu og fæstir gátu talað hebresku sem ákveðið hafði verið að væri ríkistunga hins nýstofnaða ríkis. Menntunarstig og félagsleg staða hópanna var einnig mismunandi. Gyðingar frá Evrópu voru oft á tíðum vel menntaðir og farsælir fjárhagslega, þá sér í lagi Ashkenazy hópurinn. Frá Alexandríu og Bagdad komu gyðingar sem höfðu sérhæft sig í bankaviðskiptum, kennarar og kaupmenn, frá Kúrdistan komu fátækir bændur og frá Jemen kom hópur sem hafði lifað í einangrun og öll nútímavæðing var þeim þar af leiðandi ókunnug (Lewis, 1993). En allt átti þetta ólíka fólk það sameiginlegt að vera gyðingar. Í dag eru enn gyðingar að flytjast til Ísrael frá hinum ýmsu þjóðlöndum, fólk sem gæti samsamað sig við marga þætti en velur gyðingdóminn sem styður þá hugmynd Renan um að líf þjóðar sé dagleg atkvæðagreiðsla.

3.2 Lýðræði eða lýðræðishalli?

Lýðveldi merkir það stjórnarfar þar sem kjörnir fulltrúar fólksins stjórna og er það þá andstæðan við það konungsstjórn og höfðingjastjórn. Hugtakið lýðveldi felur í sér stjórnmalalegt samfélag þar sem pólitískur jöfnuður ríkir milli allra þegna landsins (Held, 2008). Í lýðræðisríkjum er leitast við að vernda frelsi einstaklingsins og gæta jafnræðis. Einnig er reynt að tryggja eftir bestu getu að minnihlutahópar beri ekki

skarðan hlut frá borði hvað við kemur réttindum, lífsgæðum og möguleikum til að bæta stöðu sína ef þörf krefur (Ghanem, 2000; Held 2008).

Ríkisstjórnir af ýmsum toga lýsa sér gjarnan sem lýðræðisstjórnir. En það getur verið mikill munur á hvernig ríkisstjórnir skilgreina lýðræði og mikill munur á hvað stjórnir segjast gera og hvað þær gera svo í raun. Á meðan mörg ríki í dag virðast vera lýðræðisleg á yfirborðinu þá þarf ekki annað en að skoða sögu pólitískra stofnana þeirra til að sjá hversu brothættar og viðkvæmar lýðræðislegar stjórnskipanir geta verið. Saga Evrópu frá tuttugustu öldinni sýnir glögglega hversu erfitt er að skapa og viðhalda lýðræðislegu stjórnarfari. Fasismi, stalínismi og nasismi voru nálægt því að uppræta lýðræði algjörlega. Lýðveldi hefur þróast gegnum öflugar félagslegar byltingar og er því jafnframt ítrekað fórnað í slíkri baráttu (Held, 2008).

Þegar horft er til uppbyggingar Ísraels sem ríkis þá virðist það við fyrstu sýn uppfylla þá skilmála sem nauðsynlegt er að uppfylla til að geta kallað sig lýðræðisríki. Þar fara fram kosningar, allir borgarar sem hafa náð aldri hafa kosningarétt og ríkisstjórnarskipti fara friðsamlega fram. En þegar nánar er að gáð má sjá greinilegan lýðræðishalla innan ríkisins. Hallinn felst í því að Ísrael er samsamað einum þjóðernishópi og hafa þeir viðhaft margar mismunandi og skipulagðar aðferðir til að komast hjá því að innlima Palestínumenn að fullu inn í samfélagið. Samkvæmt Ghanem (2000) þá virðist mikill meirihluti gyðinga styðja ísraelsku ríkisstjórnina í kerfisbundinni mismunum gagnvart Palestínumönnum. Sú afstaða og stuðningur tryggir að óbreytt ástand haldist og viðheldur jafnframt hinu etníska ríki (e. ethnic state). Þessi staðreynd hefur mikil áhrif á líf allra Palestínumanna og sendir þau skilaboð að möguleikar um að breyta stöðu sinni innan Ísrael séu hverfandi (Ghanem, 2000; Rabinowitz, 2001). Þetta veldur mikilli spennu á hinu pólitíska og félagslega sviði og fellur því beint inn í kenningarramma Turners um hið félagslega leikrit.

Oren Yiftachel (1997, 2001) heldur fram að Ísrael sé alls ekki lýðveldi heldur það sem hann kallar þjóðernisveldi (e. ethnocracy). Það sem Yiftachel á við með hugtakinu þjóðernisveldi er að félagsleg og efnahagsleg stefna ísraelskra stjórnvalda hefur á kerfisbundinn hátt mismunað hópum og skapað stéttamun á grunni þjóðernis. Stefnur ríkisins hafa skapað andstæðukenndar sjálfsmyndir meðal bæði gyðinga og araba sem veldur félagslegri og pólitískri krísu auk þess sem þær hindra framgang þess að lausn á vanda Ísraels og Palestínu finnist í bráð (Yiftachel, 1997). Þær stefnur sem Yiftachel gagnrýnir hvað helst eru tvö helstu markmið sionismans, sem er landnám og

mikil áhersla á efnahagslegan vöxt ríkisins. Hann bendir á að undanfarna áratugi þá hafi efnahagur landsins blómstrað en að kannanir sýni að bilið á milli ríkra og fátækra sé ekki að minnka. Þeir sem eru undir fátæktarmörkum eru að miklum meirihluta arabar og það er einmitt sá hópur sem verður fyrir landtökuaðgerðunum (Yiftachel, 1997; 2001). Þannig að efnahagsstefna og aðgerðir ríkisins virðist þjóna að miklu leyti hagsmunum ísraelskum gyðingum og hafa lífsskilyrði þeirra aukist mikið síðustu ár á meðan efnahagur araba heldur áfram að versna og landrými þeirra minnkar.

3.3 Al-Nakbah

„Það var aldrei til neitt sem hét Palestínumenn. Þeir voru ekki til“.⁶

Stríðið milli gyðinga og araba árið 1948 markaði stór tímamót í lífi Palestínumanna og afleiðingar og eftirmála þess kalla þeir *Al-Nakbah*⁷. Í huga Palestínumanna stendur *Al-Nakbah* fyrir missi af landi, hnignun samfélags, menningareyðingu og útilokun (Sa`di, 2002). Samkvæmt Elias Sanbar sem er palestínskur sagnfræðingur, breyttist saga Palestínumanna skyndilega og tengja þeir breytinguna við eitt ártal sem er árið sem stríðið átti sér stað, 1948. Þetta er árið sem landið og fólkið var þurrkað út af landakortum (Sa`di, 2002). Þetta er árið sem afneitunin um palestínsku þjóðina hófst og árið sem markaði upphafið af langvarandi einangrun.

Í huga Palestínumanna tengist *Al-Nakbah* meðal annars kerfisbundnu afnámi arabískra einkenna í landinu. Í þessu ferli var 418 palestínskum þorpum eytt út og í dag er aðeins er byggð í sjö þeirra (Sa`di, 2002). Þessari umbreytingu á hinu efnislega og menningarlega umhverfi fylgdi nafnabreyting á hverfum, götum, þorpum, borgum og héraðum. Arabískum heitum og örnöfnum var skipt út fyrir siónísk eða evrópsk heiti. Nafnabreytingin miðlar þeim skilaboðum til Palestínumanna að landið eigi sér einungis tvær sögur sem er hið forna land fyrir gyðinga og tímabilið sem hófst með sköpun Ísraelsríkis (Sa`di, 2002). Allt sem gerðist á milli þessara tveggja tímabila er reynt að stroka út með kerfisbundnum hætti. Þetta hefur þau áhrif að Palestínumenn finna fyrir nokkurs konar fráhvörfum frá efnislegu, táknrænu og menningarlegu umhverfi og landslagi og aðeins minningasviðið eða *lieux des mémoires* (1989) viðheldur tengingu þeirra við fortíðina.

⁶ (Khalidi, R, 1997: 3). Tilvitnun í fyrrum forsætisráðherra Ísraels, Golda Meir.

⁷ *Al-Nakba* hefur verið þýtt á ensku sem *The catastrophe*. Þar sem ekkert íslenskt sérnafn er til yfir þennan tiltekna atburð mun ég hér styðjast við arabíska orðatiltækið.

Í lok stríðsins árið 1948 átti sér stað atburður sem margir fræðimenn og arabar telja vera einn helsta menningarlega skaða *al-Nakbah* (Brunner, 2010) Það var þegar bækur og ljósmyndir voru gerðar upptækar af heimilum Palestínnumanna. Talið er að um 70 þúsund bækur hafi verið teknar af palestínskum heimilum, skólum og öðrum opinberum byggingum að fyrirskipan ísraelsku stjórnarinnar og í samráði við Hebreska Háskólann í Jerúsalem. Einnig voru ljósmyndir, teikningar, landakort og málverk gerð upptæk undir því yfirskeyni að eigendurnir hafi skilið eignir sínar eftir og þar af leiðandi væri þetta eign Ísraels. Hluti af bókunum voru settar á Landsbókasafn Ísraels árið 1957 og kjölmerktar AP (abandoned property). Í dag má finna um 6000 eintök með þessari merkingu í hillum Landsbókasafns Ísraels. Þessar bækur eru mikilvægur hluti af sögu Palestínnumanna og mikill menningarlegur auður. Þar má meðal annars finna sjaldgæfar útgáfur af Kóraninum, eintök af skáldsögu Jamil Al-Bahri frá 1920 sem aldrei hefur fengið endurprentun og ókláraða ensk-arabíska orðabók eftir föður rithöfundarins Gadha Kami. Þar fannst einnig nær allt höfundaverk ljósmyndarans Khalil Raad sem var skrásetti palestínskt samfélag í gegnum ljósmyndir sínar. Raad var einnig á meðal fyrstu ljósmyndurum Palestínu til þess að skrásetja andstöðu Palestínnumanna gegn nýlendustjórn Bretá. Nokkrum þessara mynda var safnað saman og gefnar út í bók árið 2009 en afgangur ljósmynda hans eru enn í vörslu ísraelska hersins (Brunner, 2010).

Palestínski rithöfundurinn Ala Hiehel segir í heimildarmyndinni *The Great Book Robbery* (Brunner, 2010) að í *al-Nakbah* hafi kjarnanum úr menningarlegu rými Palestínnumanna verið eytt. Með þeim nýju landamærum sem urðu til við stofnun Ísraelsríkis lokuðust á mikilvægar samgöngutengingar á milli Damaskus og Kairó. Það gerði það að verkum að þeir Palestínnumenn sem höfðu vanið komur sínar til þessara borga í því markmiði að sækja leik-, kvikmyndahús eða tónleika urðu af þeim menningarlega auði (Brunner, 2010).

Palestínnumenn hafa einnig þurft að horfa upp á hvernig Ísrael hefur tileinkað sér vissar menningarhefðir araba. Dæmi má nefna sem matarmenningu Mið-Austurlanda en *falafel*, *hummus*, *koubbeh* og *taboulleh* er matreitt á veitingastöðum fyrir ferðamenn í Ísrael og kynnt sem hefðbundin ísraelsk matargerð. Jurtir sem Palestínnumenn hafa í gegnum aldirnar notað í matargerð eða til lækninga, eins og jurtin *za`tar* er auglýst sem hluti af ísraelskum náttúrulækningum (Sa`di, 2002).

Það væri auðvelt að líta á þessi dæmi sem einungis smáræði og færa rök fyrir því að eðlilegt og sjálfsagt sé fyrir eina menningu að tileinka sér menningaraftbrigði annarra

hópa. Að það sé hluti af þróun hópa sem búa í návígi við hvern annan að taka upp hluti af menningarsíðum hvers annars. En þegar það kemur að Palestínu þá virðast jafnvel hinu smæstu hlutir sárir þar sem rótgróin pólitík liggur að baki öllum athöfnum. Þannig að jafnvel eitthvað sem mörgum gæti þótt sárasaklaust, matargerð, er orðinn vettvangur hins félagslega leikrits.

Samkvæmt Chomsky og Pappé (2010) þá eiga Helförin og *al-Nakbah* það sameiginlegt að reynt hefur verið að þræta fyrir að þessir atburðir hafi yfirhöfuð átt sér stað. Afneitunin á *al-Nakbah* hefur í gegnum tíðina verið sérstaklega sterk í Ísrael og í Bandaríkjunum, og náði hápunkti þegar fyrrum forsætisráðherra Ísraels, Golda Meir afneitaði tilvist Palestínnumanna og að *al-Nakbah* hafi átt sér stað í viðtali árið 1969 (Chomsky og Pappé, 2010). Þessi yfirlýsing Golda Meir lýsir afstöðu ísraelsku ríkisstjórnarinnar í garð araba á þessum tíma. Þetta er það sama og gyðingar hafa gengið í gegnum, að þurfa að taka hið valda áfall sem Helförin er, verja tilvist þess og fá þannig ekki að hafa atburðinn þar sem hann á að vera; í fortíðinni. Afneitun á fyrirbæri sem hópur samsamar sig einna helst við þýðir í raun afneitun á hópnum sjálfum líkt og endurspeglast í orðum Golda Meir. Í þessu samhengi þá þurfti sænskur alþingismaður að segja af sér í apríl 2013. Ástæða afsagnarinnar var að hann dró í efa að Helförin hefði nokkurn tímann átt sér stað ásamt því að Ísrael hafi ýkt mannfall gyðinga í seinni heimstyrjöldinni (Lipshiz, 2013). Þessi dæmi sýna að gyðingar og Palestínnumenn þurfa sífellt að berjast fyrir hluta af tilveru sinni, hinu valda áfalli.

3.4 Hin pólitíska samsemd

Pólitískir þjóðernishópar (e. *political ethnogroups*) samsama sig ekki einungis eða byggja grunn hugmyndafræði um þjóð sína á þjóðerninu einu saman. Það eru mörg sameiginleg einkenni sem geta leitt til samsömunar og eru meginþættirnir tungumál, trú, uppruni, menningarlegar hefðir og tenging við ákveðið landsvæði. Flestir pólitískir þjóðernishópar búa einnig yfir sögu eða goðsögu sem þeir deila. Sögur um deildar upplifanir og oft er innihald sagnanna stríðsátök og verður þá viss fórnarlambsvæðing innan hópa (Gurr, 2002). Þessi fórnarlambsvæðing sem er hluti af hinu valda áfalli (Volkan, 2001) verður þá einn þáttur í samsemdarstjórnámálum hópsins. Samkvæmt Volkan (2001) getur hópur samsamað sig út frá áfalli, fyrri atburðir þetta hópinn saman og ýtir undir öðrun og fjandskap þeirra á „hinum“. Sagnfræðingurinn Rashid Khalidi (1997) hefur borið kennsl á þennan sameiginlega þátt innan allra þeirra tvístruðu palestínsku hópa sem hann hefur rannsakað. Að hans sögn þá eru einstaklingarnir í

Þessum hópum gjarnir á að samsama sig við þann stað sem fjölskylda þeirra bjó á árið 1948 og þá atburði sem áttu sér stað á því tímabili (Khalidi, 1997; Gurr, 2002).

Líkt og komið hefur fram þá er þetta tiltekna ár, 1948, gríðarlega mikilvægt í samsemdarstjórnámálum Palestínumanna þar sem þetta er árið sem þeir flúðu land sitt, voru reknir burt og réttindum þeirra og tilvist afneituð. Þó svo að stór hluti af hópnum hafi aldrei stigið fæti á ættjörðina sjálfa þá tengja þeir sig samt sem áður við eitthvað tiltekið svæði þar. Hliðstæða valda áfallsins er sú trú að hópur sé í eðli sínu æðri en aðrir hópar. Stolt innan hóps er einnig mikilvægur þáttur í samsömun hópa (Gurr, 2002). Í tilfelli Palestínumanna, eins og kom fram hér fyrir ofan, þá eiga þeir það sameiginlegt að hafa upplifað mikið af hörmungum. Landi þeirra var bókstaflega kippt undan fótum þeirra. Margir flúðu og þurftu þar af leiðandi að skapa sér nýtt líf í öðru landi, skapa sér nýja sjálfsmynd á nýjum stað. Þeir halda fast í heimaland sitt og er það einn stærsti þátturinn í samsömun þeirra (Ghanem, 2000; Rabinowitz, 2001).

En í raun mætti yfirfæra þetta yfir á þá gyðinga sem streymdu inn í Ísrael á þessum árum og í raun á þetta við enn í dag. Gyðingar í Evrópu hafa þurft að kljást við miklar ofsóknir í gegnum tíðina og mætti segja að Helförin hafi verið ákveðinn lokahnykkur á þeim hörmungum sem þeir höfðu gengið í gegnum. Helförin varð að einum þættinum í samsemdarstjórnámálum gyðinga, hluti af sameiginlegri sögu sem þeir deila sem hópur. Í kringum atburðina í seinni heimsstyrjöldinni og með öllum þeim hörmungum sem fylgdu Helförinni má segja að sameiginlegt minni gyðinga hafi orðið þannig að þörf var á að skapa nýtt *lieux des mémoires* eða minningasvið svo hópurinn gæti samsamað sig að nýju. Það minningasvið sem varð fyrir valinu var Helförin sem getur flokkast undir valið áfall.

Þar sem Palestínumenn hafa lengi verið *diaspora* hópur og skort meðal annars formlegar ríkisstofnanir, skjalasöfn og annað sem hefðbundin ríki búa venjulega yfir hafa þeir þurft að leita á önnur mið eftir samsemdarsköpun. Hugmyndin um samsemd og sjálfsmynd hjá Palestínumönnum hefur síðustu áratugi verið nátengd endurreisn huglægni einstaklingsins, það er að saga landsins hefur verið mótuð í gegnum ævisögur, einkaskjöl og sjónarhorn einstaklinga (Sa`di, 2002). Samkvæmt Kracauer (Sa`di, 2002) þá er sagan líkt og raunveruleikinn sem hún leitast við að lýsa, samskipan af einingum. Þannig snýst *al-Nakbah* um örlög þeirra sem sem upplifðu hörmungar stríðsins 1948, afkomendur þeirra sem halda áfram að takast á við afleiðingarnar og tilraunir þeirra til samsemdarsköpunar í gegnum sameiginlega sögu (Sa`di, 2002).

En handahófskenndar frásagnir einstaklinga geta ekki skapað sögu lands sem heilt samfélag getur samsamað sig við (Sa`di, 2002) nema þær séu staðsettar innan *lieux*

des mémoires. Samkvæmt Nora myndast *lieux des mémoires* á þeim tímapunkti sem minningasjóður hverfur (Nora, 1989: 11-12) líkt og á við um *al-Nakbah*. Hugtak Nora er einkar gott tæki til að skilja hvernig *al-Nakbah* varð að grundvallarþætti í palestínskri samsemdarpólitík. *al-Nakbah* er palestínskur atburður, svið sameiginlegra minninga og tengir þjóðina við fastan tímapunkt sem fyrir þeim var upphafið að ævarandi nútíð.

Í stríðinu 1948 urðu fjölmargir Palestínumenn heimilislausir á bókstaflegan og huglægan hátt. Þeir misstu margir heimili sín í hendur Ísraelsstjórnar og í kjölfarið myndast tilfinningin um heimilisleysi og heldur Sa'di (2002) fram að heimilisleysi sé orðið hluti af meðvitund Palestínumanna. *al-Nakbah* gerði heimilisleysi að huglægu ástandi. Kúgun og áreitni af hálfu Ísraelsríkis í garð þeirra Palestínumanna sem búa á Gaza og Vestur-Bakkanum hefur ýtt undir þetta hugarástand og hefur þráin eftir heimili orðið að vissri þráhyggju (Sa'di, 2002).

Eitt af þeim táknum sem er áberandi í palestínskri menningu er lykill. Hann táknar tímann fyrir *al-Nakbah* þegar fólk átti sín eigin heimili og hafði þar af leiðandi not fyrir húslykil. Hann táknar öruggari tíma og er einnig tákn fyrir endurkomu og uppreisn – réttinn til að snúa til baka til eðlilegs lífs þar sem fólk lifir með sæmd (Sa'di, 2002). Edward Said tengdi heimilisleysið við mikið og djúpstætt óöryggi. Hann sagði það birtast í þráhyggjutengdri hegðun þegar hann hugðist að ferðast að heiman. Samkvæmt Said pakkaði hann ávallt of mikið niður í ferðatöskuna sína því tilfinningin um að komast ekki aftur heim væri alltaf til staðar (Said, 1986). Þetta er skýrt dæmi um hvernig heimilisleysi er ekki einvörðungu staðreynd heldur hluti af *habitus* sem hefur síast inn í meðvitund Palestínumanna. Mahmoud Darwish sem er eitt af þjóðarskáldum Palestínu lýsir þessu tiltekna hugarástandi vel.

Ættjörð mín er ferðataska
og ferðataskan er ættjörð mín.
En... þar er hvorki endastöð né veggur...
Ættjörð mín er ferðataska.
Ég opna hana að kveldi sem rúm
og sef í henni.
Ég nýt ásta með konum í henni
og jarða ástvini mína í henni.
Samþykki hana sem örlög mín
og dey í henni.
(Darwish, 2008)

En þetta tiltekna hugarástand á ekki einungis við um Palestínumenn heldur er þetta einn af þeim þáttum í samsemdarpólitík sem þeir eiga sameiginlegt með gyðingum. Ljóðskáldið W. H. Auden samdi ljóðið Flóttamannablús (1966) í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar sem fjallar um þessa sömu tilfinningu en út frá sjónarhóli gyðings sem stríðir við það sama og Palestínumenn hafa verið að kljást við í tæp 70 ár, að vera rekinn í burtu af því landi sem hann telur heimili sitt og óöryggið sem fylgir því að eiga ekki öruggan samastað.

Flóttamannablús

Borgina fylla tug-milljónir sála,
Sumar í höllum, aðrar í holum:
En þó er ei pláss fyrir okkur, mín kæra, þó er ei pláss fyrir okkur.

Við eitt sinn áttum land sem farsælt var,
líttu á heimskort, og þú finnur það þar:
En þangað komumst við ei, mín kæra, þangað komumst við ei.

Í kirkjugarði vex ýviður forn,
á hverju vori gefur frjókorn,
gömul vegabréf gera ekki slíkt, mín kæra, gömul vegabréf gera ekki slíkt.

Embættismaðurinn setti hnefann í borð og bauð;
"án vegabréfs þið öll eruð opinberlega dauð"
en við lifum enn, mín kæra, við lifum enn.

Ég fór fyrir nefnd, þeir buðu mér sæti;
fágaðir sögðu að koma aftur að ári ég gæti:
en hvert förum við í dag, mín kæra, hvert förum við í dag?

(Auden, 1966)

Það sem þessi ljóð eiga sameiginlegt er að þau lýsa *habitus* þeirra sem misst hafa land sitt og í báðum tilfellum er landið Palestína. Ljóðin lýsa þannig vel félagslegum veruleika hópanna og hvernig hið valda áfall mótast skynjun fólks.

4 Rýmiseyðing

4.1 Kerfisbundin eyðilegging

Notkunin á hugtakinu rýmiseyðing gefur til kynna yfirgripsmikla og fjölpætta eyðileggingu og vísvitandi sé verið að ráðast á svæði með það að markmiði að gera það óvistvænt. Rýmiseyðing er vandlega íhuguð hugmyndafræði sem er í senn rökrétt en hreyfanlegt ferli þar sem hún rekst í sífellu á líf Palestínnumanna og aðgerðir andspyrnuhreyfinga (Hanafi, 2013).

Einn af grundvallarþáttum rýmiseyðingar samkvæmt Sari Hanafi (2013) er kerfisbundin eyðilegging á rými eða svæði hins meinta andstæðings. Má meðal annars finna dæmi um slíka aðferðafræði í seinni heimsstyrjöldinni, til dæmis þegar Bretar réðust á Dresden í Þýskalandi (Hanafi, 2013). Hér ber þó að taka fram að aðferðin sem beitt var í Dresden er gjörólík aðferðum Ísraelsmanna. Skýrt dæmi um aðferðir ísraelskra stjórnvalda er meðal annars eyðileggingin á Jenin flóttamannabúðunum (Hanafi, 2013).

Jenin búðirnar voru settar á laggirnar árið 1953 af UNRWA⁸ á landi sem samtökin leigja af jórdönsku ríkisstjórninni. Palestínsk yfirvöld tóku við stjórninni um miðjan níunda áratuginn en í seinni *Intifada*⁹ sem átti sér stað á árunum 2000-2005, brutust út mikil átök á svæðinu. Í apríl árið 2002 réðist ísraelski herinn inn á svæðið og lýsti því yfir að búðirnar væru lokað hernaðarsvæði, heftu allan aðgang og innleiddu strangt útgöngubann. Átökin stóðu yfir í 10 daga og leiddu til þess að 52 Palestínnumenn létu lífið, þar af helmingur óbreyttir borgarar ásamt 23 ísraelskum hermönnum. Á meðan á átökunum stóð hindraði ísraelski herinn sjúkrabíla, heilbrigðis- og hjálparstarfsmenn í að komast inn á svæðið (Baroud og Turk, 2003; UNRWA, 2009).

Eyðileggingin eftir átökin var gríðarleg. Um það bil 150 byggingar voru gjöreyðilagðar og margar aðrar stórskemmdar og í kjölfarið urðu 435 fjölskyldur heimilislausar. Enduruppbygging á svæðinu reyndist erfið vegna endurtekinna árása ísraelska hersins, útgöngubanns, heftra samgangna og mótaðgerða palestínskra andspyrnuhópa (UNRWA, 2009). Ýmsir fræðimenn hafa haldið fram að kerfisbundin

⁸ The United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees.

⁹ Bókstafleg merking arabíska orðsins *Intifada* er að hrista eitthvað af sér. Það á við um uppreisn Palestínnumanna gegn Ísraelsríki á Vestur-Bakkanum og Gaza svæðinu. Líkt og *al-Nakbah* þá er ekki til viðeigandi íslenskt orð og notast ég við arabíska hugtakið.

eyðilegging sé kjarni í bardagaaðferðum ísraelska hersins mótuðum af meðal annars embættismönnum á borð við David Ben-Gurion¹⁰ en ekki tilviljanakenndar aðstæður sem skapast í stríði. Því er jafnframt haldið fram að henni sé beitt til að ýta undir ööryggi, hræðslu og að lokum landflóttu heimamanna (Pappé, 2006; Hanafi, 2013).

Í kringum árið 2002 urðu flestar ráðuneytisbyggingar Palestínu að rústum einum ásamt húsnæði 67 frjálsra félagasamtaka eftir aðra árás ísraelska hersins. Það sem þótti þó mest sláandi voru þau skemmdarverk sem hermennirnir frömdu við leit að palestínskum hryðjuverkamönnum, í til að mynda menntamálaráðuneyti Palestínu. Þar var allur tölvubúnaður og skjöl gerð upptæk og voru allir innanstokksmunir eyðilagðir (Hanafi, 2013).

Á milli 18. desember 2008 og 20. janúar 2009 náði ísraelski herinn að eyðileggja 4100 íbúðarhús á Gaza svæðinu og mikið tjón varð á öðrum 17.000 byggingum (Hanafi, 2013). Af þessu má draga þá ályktun að eyðilegging sé ekki hliðarverkun af stríði eða átökum heldur sé hún nokkurs konar pólitískt vogarafl í átökunum.

Á hernumdum svæðum Palestínu er landslagið sjálft skotmarkið og eru aðalvopnin ekki endilega skriðdrekar heldur jarðýtur sem rústa húsum, götum, bílum og uppskeru. Afleiðingin er að margir landsmenn glíma við einskonar víðáttufælni þar sem fólk getur átt von á því að umhverfið hrynji í kringum það. Á mörgum svæðum nær slóð eyðileggingar svo langt sem augað eygir og birtist í niðurníddum húsum, farartækjum og gróðurlendi. Hér má aftur nefna Jenin búðirnar en einn þriðji þeirra var jafnaður við jörðu. Þessi eyðilegging og þær sálrænu afleiðingar sem hún hefur fyrir fórnarlömbin verður að nýju völdu áfalli sem styrkir bönd hópsins og aðgreinir hann frekar frá mótaðilanum sem í þessu tilfelli er Ísraelska ríkið. (Hanafi, 2013; Baroud og Turk, 2003; Volkan, 2001).

Þann 11. júní 1967 var um 1000 Palestínumönnum úr *al-Magharbeh* hverfinu í Jerúsalem gert að flytja af heimilum sínum og fengu þeir þriggja tíma frest til að hlýða þeim skipunum. Hverfið var svo eyðilagt því það var staðsett við suðurhluta Grátmúrsins (Falah, 2004) sem er helgasti staður gyðinga (Porian, Biran og Reichel, 2009). Þarna átti sér stað eignarnám á heilögum stað sem var álitinn mikilvægari en íbúarnir í hugmyndafræðilegum skilningi (Falah, 2004). Sex dögum síðar var íbúum úr

¹⁰ David Ben-Gurion var fyrsti forsætisráðherra Ísraels, frá árunum 1948-1954. Árið 1955 tók hann svo við embætti varnarmálaráðherra landsins og gegndi því til ársins 1963.

gyðingahverfinu gert að yfirgefa heimilin sín og fengu til þess 24 klukkustunda frest. Þessi aðgerð snerti fleiri hundruð palestínskar fjölskyldur og um 4000 einstaklingar voru bornir út svo enduruppbygging fyrir gyðinga gæti hafist. Eftir að þessi borgarhluti hafði verið hreinsaður af öllum þeim sem voru af arabískum uppruna var landið tekið eignanámi af ísraelskum yfirvöldum. Að lokum varð gamli hluti Jerúsalem eingöngu fyrir gyðinga og arabum meinað um búseturétt (Falah, 2004).

Samkvæmt Falah (2004) hefur 35% af landi Jerúsaleborgar verið tekið eignanámi síðan árið 1967 og á því svæði hafa 45.000 hús fyrir Ísraela verið reist og er íbúafjöldi í þeim byggingum um 190.000. Mikið af því fólki sem flúði í kjölfarið hefur stöðu flóttamanna bæði í nærliggjandi ríkjum sem og í Evrópu en Palestínnumenn hafa einnig neyðst til að flytjast búferlum innan landsins. Í Hebron hafa til dæmis um 850 fjölskyldur neyðst til að yfirgefa borgina og haldið til nærliggjandi þorpa vegna landnema sem hafa tekið sér löggæsluvald ásamt stöðugrar áreitni og ofbeldis af þeirra hálfu (Hanafi, 2013).

4.2 Veggurinn: Öryggi eða aðskilnaður?

Aðskilnaður er önnur aðferð rýmiseyðingar þar sem notast er við þjóðernisleg, landfræðileg og hagræn mörk milli hópa sem keppast um völd, viðurkenningu og auðlindir. Samkvæmt Hanafi (2013) þá er sérstaklega erfitt að búa á palestínskum svæðum vegna hinnar sífelldu aukningar á kerfisbundinni aðskilnaðarstefnu af hálfu ísraelskra yfirvalda. Í þessari aðferð felst hugmyndafræðin um aftengingu (e. disengagement) Ísraels og Palestínu en sprettur hún úr skýrslu sem bresk yfirvöld sendu frá sér um stöðu Palestínu árið 1937 (Pappé, 2004). Áratug seinna mæltu Sameinuðu Þjóðirnar með stofnun ríkis fyrir gyðinga og annað fyrir araba (Hanafi, 2013).

Ekki náðist samkomulag um tillöguna og árið 1992 lagði fyrrum forsætisráðherra Ísraels, Yitzhak Rabin fram þá hugmynd að byggður yrði veggur milli ísraelskra og palestínkra svæða. Sama ár höfðu palestínskir hryðjuverkamenn myrt ísraelska unglingstúlku í Jerúsalem. Í kjölfarið lét Rabin þau orð falla að fjarlægja þyrfti Gaza úr Tel Aviv¹¹ og skapa þyrfti tvær einingar til að koma í veg fyrir árekstra (Makovsky, 2004). Eftir hryðjuverkaárásir af höndum palestínkra andspyrnumanna árið 2002 hófust framkvæmdir við vegginn undir stjórn Ariel Sharon. Þessi veggur átti á

¹¹ „Take Gaza out of Tel Aviv“ (Makovsky, 2004: 55).

endanum eftir að girða af meirihluta Vesturbakkans frá ísraelsku landssvæði (Makovsky, 2004).

Þeir þættir sem einkennt hafa orðræðuna um vegginn í daglegu tali hjá ráðamönnum innan Ísrael eru hryðjuverk og umfram allt hugtakið öryggi og eru þessir þættir jafnframt meginástæður fyrir byggingu hans. Hræðslan við sjálfsmorðsárásir af höndum andspyrnumanna er mikil og þá sér í lagi í ísraelska þorpinu Netanya sem er nágrennabær Tulkarm en hann tilheyrir Vesturbakkanum. Samkvæmt David Makovsky prófessors í Mið-Austurlandafræðum við John Hopkins háskólann má rekja flestar sjálfsmorðsárásir til Tulkarm (Makovsky, 2004). Makovsky segir jafnframt að samkvæmt ísraelskum yfirvöldum að frá árinu 2001 hafi ekki neinar árásir frá Gaza verið vellukkaðar ef svo hrapallega mætti að orði komast. Yfirvöld telja ástæðuna vera að Gaza hefur verið girt af síðan 1994. Þessi staðreynd hefur haft sterk áhrif á röksæmdarfærslu og réttlætingu Ísraela varðandi vegginn og telja þeir að þetta sé sönnun þess að girðing eða veggur geti komið í veg fyrir hryðjuverk (Makovsky, 2004).

Veggurinn, sem er í daglegu tali nefndur af Ísraelum öryggisveggurinn (Makovsky, 2004) en af Palestínumönnum veggur kynþáttaaðskilnaðar (Pappé, 2006) hefur fjölþættar afleiðingar í för með sér fyrir báða málsaðila. Upphafleg hugmynd Yitzhak Rabin um vegginn sem leið til að ýta palestínskum yfirvöldum að sáttaborðinu og opna fyrir friðarviðræður með tveggja ríka lausnina í fyrirrúmi hefur ekki orðið að veruleika. Samkvæmt Makovsky (2004) hefur veggurinn frekar leitt til skilnaðar en hjónabands. Sem afleiðingar af aðskilnaðarstefnu Ísraela má nefna fjárhagslegan óstöðugleika Palestínu sem hefur leitt til mikillar skerðingar á lífsgæðum. Minnihlutahópar, sem er neitað um samlögun, skipa oftast en ekki lægri stöður þegar það kemur að skiptingu vinnuafls. Hægt er að líta á hóp eins og Palestínumenn sem fórnarlömb aðskilnaðarstefnu (Eriksen, 1994) og ein af birtingarmyndunum aðskilnaðarins kemur fram í færri atvinnutækifærum.

Eftir að veggurinn var reistur voru settar fjöldatakmörkanir á atvinnuleyfi Palestínumanna í Ísrael og í kjölfarið jókst atvinnuleysi mikið í Gaza og á Vesturbakkanum. Þegar skortur varð á vinnuafli Ísrael vegna þessa var flutt inn farandverkafólk frá Tælandi og Rúmeníu í stað araba. Veggurinn hefur einnig áhrif á daglegt líf hins almenna borgara. Bændur hafa þurft að þola skertan aðgang að ökrum og samgöngur þúsunda manns við aðra atvinnuvegi og menntastofnanir hafa rofnað. Í bænum Qalqilya þar sem um 38.000 manns búa hafa íbúar nú aðeins eina leið um að

velja inn og úr bænum sem er vöktuð af ísraelska hernum (Hanafi, 2013). Þessi samgönguskerðing og vegatálmar hægja á umferð heilbrigðisstarfsfólks, nemenda og borgara (Makovsky, 2004; Hanafi, 2013).

Í lagalegum skilningi eru landnámsaðgerðir og nýlenduvæðing ísraelskra stjórnvalda ekki þjóðarmorð heldur mótast aðgerðir þeirra af hugmyndafræði rýmiseyðingar (Hanafi, 2013). Samkvæmt Marcus Funk (2010) er skilgreiningin á þjóðarmorði aðgerð sem felur í sér kerfisbundna og meðvitaða eyðingu, hvort sem það er að hluta eða að fullu, á etnískum hópi, trúarlegum hópi, þjóðernishópi eða kynþætti.

Þegar borin eru saman etnísk og nýlendutengd átök, svo sem stríðið milli Rwanda og Burundi eða Serbíu og Bosníu þá hafa dauðsföll í stríðinu milli Ísraela og Palestínumanna verið hlutfallslega fá. Jafnvel eftir ellefu ár af *Intifada* þá hefur verið tiltölulega lítið um mannfall í samanburði við önnur þjóðernistengd átök. Á 63 árum hafa um 112.000 látið lífið, þar af 89.000 arabar og 23.000 Ísraelsmenn, sem er hlutfallslega lítið miðað við að á sex vikum létust 800.000 manns í Rwanda (Hanafi, 2013).

Síðan árið 2000 hafa um 180.000 Palestínumenn yfirgefið landið sem gerir um 5,3% af íbúum Vesturbakkans og Gaza. Jafnvel eftir að ísraelsk yfirvöld undirrituðu samkomulag um að draga úr landnáminu þá hefur fjöldi landnema aukist um þriðjung, frá 268.756 árið 1993 í 518.974 árið 2010. Jafnframt hefur umfang landnámsins tvöfaldast á þessum tíma og eru nú á svæðinu um 144 landnámsbyggðir fyrir gyðinga. Eftir að Ísraelar drógu sig út úr Gaza svæðinu hafa samt sem áður 8.500 Palestínumenn verið fluttir á brott og hluti af norðaustur-hluta Vesturbakkans verið skipulagður fyrir 30.000 gyðinga, þá aðallega í kringum Austur-Jerúsalem (Hanafi, 2013).

4.3 Helguð valdbeiting: Eignarnám

Þann 30. júní árið 1948 samþykkti lög Knesset lög sem varða yfirgefin svæði¹² og má færa rök fyrir því að lögin spili stóran þátt í rýmiseyðingu. Það er að þessi lög gefa ísraelsku ríkistjórninni rétt til að taka eignarnámi allar eignir sem fyrrverandi eigendur, Palestínumenn, hafa yfirgefið. Yfirgefið svæði í þessum lögum er skilgreint sem öll svæði eða staður sem hefur verið yfirbugaður eða afhentur (með nauðung) til ísraelska hersins. Eignir eru skilgreindar sem allar hreyfanlegar og óhreyfanlegar eignir, allur búfénaður, uppskera, verksmiðjur og verkfæri svo eitthvað sé upptalið (Israel Law

¹² Lög nr. 12/5708-1948, Abandoned areas ordinance.

Center, e.d.). Þannig að rými Palestínnumanna verður fyrir mikilli skerðingu á löglegan hátt.

Með lagasetningunni lagði ríkið í raun blessun sína yfir þær gripdeildir sem Palestínnumenn á svæðinu urðu fyrir af höndum almennra ísraelskra borgara. Þar sem ríkið er byggt á trúarlegum grunni, siónisma, má segja að valdbeitingin hafi verið helguð bæði af Ísraelum og æðri mætti. Eignarnámsaðgerðir Ísraelsmanna rændu ekki einungis hagrænum auði Palestínnumanna heldur einnig menningarlegum auði. Þeir tóku yfir húsin og lögðu hald á menningarverðmæti. Þar sem flest allir menntaðir Palestínnumenn og menningarelítan þurfti að yfirgefa landið þá sviptu Ísraelar þá sem eftir urðu sínum menningarlegum auði. Með innrás gyðinga og þeim stórkostlegu breytingum sem fylgdu í kjölfarið breyttu gyðingar *habitus* Palestínnumanna og áttu þeir erfitt að fóta sig og finna reglur innan þess nýja. (Bourdieu, 1986; Cheater, 1999). Þessi breyting olli því að Palestínnumenn upplifðu mikið óöryggi á öllum sviðum og óttuðust þeir stöðugt um líf sitt og ástvina sinna (Cheater, 1999).

Mannfræðingurinn Dan Rabinowitz hefur í áraraðir rannsakað stöðu Palestínnumanna og gyðinga innan Ísrael. Hann hefur meðal annars tekið fjöldamörg viðtöl við gyðinga sem muna eftir stríðinu árið 1948. Í frásögnum þeirra er því lýst hvernig gyðingar ruddust inn í hús Palestínnumanna og rændu eigum þeirra á þessu tímabili (Monterescu og Rabinowitz, 2007).

Viðmælendur Rabinowitz lýsa því hvernig fólk kom fagnandi út úr húsum araba með skrautmuni, húsgögn, borðbúnað, í raun allt sem það gat fest hendur á. Í einu af viðtölunum rifjar kona af gyðingaættum upp að hafa gengið með fjölskyldu sinni inn í eitt af þeim húsum sem Ísraelar höfðu tekið eignarnámi. Fyrrum eigendur höfðu skilið eftir flest af þeim húsgögnum sem þeir áttu en hún man þó sérstaklega eftir litlum barnaskóm sem lágu úti á miðju gólfi. Að hennar mati var augljóst að palestínska fjölskyldan hafði verið nauðbeygð til að forða sér svo fljótt að ekki gafst tími til að klára að klæða barnið fyrir brottför (Monterescu og Rabinowitz, 2007).

4.4 Pólitísk útilokun

Þann 5. júlí 1950 í stjórnartíð David Ben-Gurion voru samþykkt önnur lög innan ísraelska þingsins Knesset, sem áttu eftir að hafa mikil áhrif á ísraelskt og palestínskt samfélag og kallast þau Heimkomulögin¹³ (Ghanem, 2000; Israel Law Center, e.d.).

¹³ Eigin þýðing á Ísraelskum lögum nr. 5710-1950 sem kallast „law of return“.

Heimkomulögin gáfu gyðingum réttinn til að nema land í Ísrael ásamt því að fá ísraelskan ríkisborgararétt. Árið 1970, í stjórnartíð Golda Meir, var þessum lögum breytt á þann veg að nú gátu þeir sem voru komnir af ættum gyðinga, þeir sem áttu sem sagt afa eða ömmu sem voru gyðingar, flutt ásamt mökum til Ísraels (Ghanem, 2000; Israel Law Center, e.d.). Með þessum tilteknu lögum stuðlar ísraelska ríkið beint að því að Palestínumenn haldast ávallt í minnihluta og lifa á jaðri samfélagsins. Þetta skapar ójafnvægi milli hópanna og gerir það að verkum að Palestínumenn standa völtum fótum á sviði hins félagslega leikrits.

Á ísraelska þinginu eru nokkrir arabískir stjórnmálaflokkar og þeir helstu eru Hadash, Belad og United Arab List. Stefnur og hugmyndafræði þessara flokka eru ólíkar. Sumir styðja að Ísrael verði gert að einu ríki þar sem allir þegnar eru jafnréttáir en aðrir vilja að Ísraelar verði gerðir brottrækir frá landinu og Palestínumönnum verði greiddar bætur. Þessir stjórnmálaflokkar þurfa þó að uppfylla ýmsar kröfur til að geta boðið sig fram. Eftir lagasetningu sem samþykkt var árið 1985 þá verða allir flokkar að styðja Ísraelsríki annars komast þeir ekki á lista (Ghanem, 2000). Þetta leiðir til mismununar gagnvart Palestínumönnum þar sem þeir eru neyddir til að samþykkja ríkjandi stöðu sem þeir eru að reyna að breyta eftir bestu getu. Þetta sviptir þá einnig lagalegri og formlegri burðargrind til að geta skilgreint Ísrael sem sitt land (Ghanem, 2000; Rabinowitz, 2001). Líkt og fram hefur komið þá er eðli ríkisins sionismi og við þá hugmyndafræði geta Palestínumenn ekki samsamað sig við að fullu. Það liggur mikil valdbeiting í því að neyða hópa til að samþykkja stjórnarfar sem mismunar þeim og styður þetta dæmi kenningar Yiftachel (1997, 2001) um að Ísrael sé ekki í grunninn lýðveldi, heldur sé það í raun þjóðernisveldi (e. *ethnocracy*).

Að vera arabi á þingi hefur ekki reynst þrautalaust og hafa komið upp ýmis dæmi sem sýna fram á mismunum vegna þjóðernis. Allir meðlimir ísraelska þingsins eiga samkvæmt lögum að njóta fullkomins ferðafrelsis innan allra svæða ríkisins án nokkurra takmarkana. Þetta á einnig við um alla opinbera atburði, hvort sem það eru fundir eða mótmæli. Þrátt fyrir þessa löggjöf þá eiga palestínskir stjórnmálamenn sífellt á hættu að verða fyrir ofbeldi frá ísraelsku öryggislögreglunni. Samkvæmt skýrslu sem The Arab Association of Human Rights gaf út árið 2002 þá hafa þó nokkrir arabískir þingmenn sætt ítrekuðum líkamsárásum af höndum öryggislögreglunnar. Ráðist hefur verið á stjórnmálamenn þegar þeir hafa verið viðstaddir mótmæli í þeim tilgangi að reyna að stilla til friðar milli lögreglunnar og mótmælenda. Þessar árásir hafa verið það

grófar að á þriggja ára tímabili, frá 1999 til 2002, þurftu sjö þingmenn að leggjast inn á sjúkrahús vegna alvarlegra áverka.

Skýrslan sýnir einnig að þeim er mismunað á margvíslegan hátt. Meðal annars þurfa þeir að fara eftir ýmsum öryggisreglum sem ná ekki yfir þá Ísraela sem sitja á þingi. Arabískir þingmenn hafa margoft greint frá því að þeir hafi verið yfirheyrðir tímunum saman og eltir eftir opinberar heimsóknir til annarra landa (Arab Association for Human Rights, 2002). Ísraelskir þingmenn hafa ekki sömu sögu að segja þannig að það virðist vera að löggjöfin um fullkomið ferðafrelsi eigi einförðingu við þá þingmenn sem eru af gyðingaættum.

Það má segja að hluti af *habitus* Knesset útiloki araba á grunni þjóðernis og þar sem að *habitus* getur endurspeglað samfélagsgerð (Crossley, 2001) er mögulegt að álykta að sú útilokun eigi einnig við í hinu almenna ísraelska samfélagi að einhverju leyti. En þar sem *habitus* er hvorki fast né óumbreytanlegt ástand (Navarro, 2006) þýðir að þessu viðhorfi sé hægt að breyta. Svo það sé mögulegt hlýtur upphafið af slíkri *habitus* breytingu þurfa að koma frá þeim pólitísku stofnunum sem helga og samþykkja viðhorf samfélagsins. Þannig að þau viðhorf sem pólitískar stofnanir samþykkja hafa áhrif á mótunarferil *habitus* einstaklingsins. Ástæðan fyrir því er að *habitus* er huglæg formgerð sem mótar skynjun okkar (Bourdieu og Wacquant, 1992) og þar af leiðandi hvernig hugarfar við temjum okkur í garð samfélagsins og nágranna okkar. Þannig að ef Knesset myndi til dæmis innlima araba af meiri krafti í stjórnámál landsins þá er mögulegt að það hefði jákvæð áhrif í samfélaginu.

Sem ríkisborgarar og minnihlutahópur í Ísrael krefjast arabar jafnréttis á borð við gyðinga sem eru meirihluti í ríkinu. Samkvæmt rannsóknnum eru þeir óánægðir með hag sinn og fyrir þeim er jafnrétti grundvallarþátturinn á leið til betri tíma og bættrar stöðu innan samfélagsins (Ghanem, 2000). Samkvæmt þessari sömu rannsókn finna arabar fyrir mikilli mismunun á öllum sviðum samfélagsins og má þar nefna almannabjónustu, opinber störf og möguleikum á þátttöku í stjórnsýslu. Þeim finnst þeir vera sniðgengnir á grundvelli þjóðernis (Yiftachel, 1997) og krefjast þess sem þegar Ísraels að vera jafnir og jafnrétt háir gyðingum. Kjarninn í kröfu þeirra er sá að ríkið eigi að vera ríki fyrir ríkisborgara en ekki ríki sem þjónar og hyglist einum hópi, sem í þessu tilfelli eru gyðingar. Krafa þeirra sýnir löngun þeirra til að breyta sjálfu eðli Ísraelsríkis en eðli þess er sionismi og útilokar þá þar af leiðandi frá formgerð ríkisins. Margir arabar eru jafnframt þeirrar skoðunar að Ísrael sem ríki eigi ekki að vinna markvisst að

því að halda gyðingum í meirihluta og eru þar af leiðandi mótfallnir að ríkið skuli standa fyrir auknum innflutningi fólks af gyðingaættum (Ghanem, 2000; Yiftachel, 1997). Palestínumenn krefjast þess að Heimkomulögin verði afnumin í því skyni að jafnvægi myndist á hlutfalli þjóðernishópa innan ríkisins (Ghanem, 2000; Yiftachel, 1997). Palestínumenn hafa jafnframt komið með þá kröfu að ríkið sé svipt öllum þjóðernislegum einkennum. Það fæli í sér að Ísrael yrði fullkomlega veraldlegt (e. secular) ríki (Ghanem, 2000) eins og ætlunin var í upphafi, án þess að einum þjóðernishópi sé hyglað á kostnað annars.

Lokaorð

Þegar kemur að átökunum milli Ísraels og Palestínu virðist pólitískt markmið Ísraels að eignast sem mest land og hagnýta sem flestar auðlindir. Tilgangur landupptökunnar virðist þannig vera að öðlast svæði til að reisa nýja byggð fyrir þá íbúa sem ísraelsk yfirvöld samþykkja.

Eftir þá rannsóknarvinnu sem ég lagðist í við gerð þessarar ritgerðar vil ég leggja til að bætt verði annarri vídd við hugtakið rýmiseyðing. Þessa vídd myndi ég kalla hagræn rýmiseyðing. Líkt og fram hefur komið felst mikil eyðilegging í aðferðum rýmiseyðingar, hvort sem það er verið að sprengja upp byggingar sem hafa verið rýmdar eða skriðdrekar notaðir til að eyðileggja akra. Það sem þyrfti að rannsaka frekar að mínu mati er hvaða hagrænu afleiðingar rýmiseyðing hefur í för með sér. Eftir að þessari aðferð hefur verið beitt á svæði eins og gerst hefur í Palestínu, situr fólk eftir með skemmd eða jafnvel gjörónýt íbúðarhúsnæði, farartæki, skert atvinnutækifæri og samgönguerfiðleika. Allir þessir þættir eru til staðar í Palestínu sem afleiðing af rýmiseyðingu af hálfu ísraelskra stjórnvalda.

Ástæðan fyrir þessari niðurstöðu minni er sú að þegar eyðilegging á rými er umsvifamikil er fjárhagslega óhagkvæmt eða mögulegt að hefja enduruppbyggingu. Þegar fólk býr við bág kjör á það ekki annarra kosta vöð en að yfirgefa svæðið og oft hefur það ekki í önnur hús að venda og lendir þannig á vergangi. Vegna þeirra takmarkanna sem hafa skapast með vegg Ísraels og þeirra landamæra sem sett hafa verið upp á Gaza svæðinu og á Vesturbakkanum er ekki mikill möguleiki fyrir Palestínumenn að hefja ábatasaman fyrirtækjarekstur. Mín skoðun er sú að með þessum aðgerðum ísraelskra stjórnvalda sé kerfisbundið verið að minnka atvinnutækifæri Palestínumanna og tel ég það falla undir hagræna rýmiseyðingu. Þá myndi ég einnig segja að eyðilegging á gróðurlendi Palestínu og skertar samgöngur flokkist einnig undir kenninguna. Alvarleg félagsleg, menningarleg og pólitísk vandamál geta fylgt bágunum efnahag og þar af leiðandi tel ég brýnt að víkka út hugtakið og rannsaka sérstaklega hagræna rýmiseyðingu.

Þegar litið er til aðgerða ísraelskra yfirvalda gagnvart Palestínu þá tel ég ekki að hægt sé að réttlæta notkun hugtaksins þjóðarmorð. Ofbeldið gagnvart Palestínu er að mínu mati meira stofnanabundið og kerfislægt og verið sé að viðhalda ósýnileika þjóðar; þjóðar án ríkis.

Ég tel alls ekki hægt að benda á einhverja eina ástæðu fyrir því að ástandð milli hópanna tveggja er jafn eldfimt og raun ber vitni. Hér er um að ræða gífurlega flókið samspil trúar, stjórnmála, sögu og hefða og þarf að fara þúsundir ára aftur í tímann til að finna einhverja mögulega rót. Það sem virðist vera óskiljanlegt við fyrstu sýn er af hverju þessir tveir hópar geta ekki fundið lausn og búið í sátt og samlyndi. Þegar samsemdarpólitík Palestínnumanna og ísraelskra gyðinga er borin saman sést að þessir tveir hópar eiga ýmislegt sameiginlegt. Sterkur þáttur í sjálfsmyndarmótun Palestínnumanna er sú kúgun og ofbeldi sem þeir hafa orðið fyrir og er það sérstaklega einn atburður sem virðist standa upp úr. Sá atburður er *al-Nakbah* og tengir hann þjóðina saman en einnig þá Palestínnumenn sem hafa af einhverjum ástæðum neyðst til að flytjast burt.

Það sama má í raun segja um gyðinga, hvort sem þeir hafa ísraelskt ríkisfang eða eitthvað annað. Sá atburður sem stendur upp í samsemdarpólitík gyðinga er Helförin og seinni heimsstyrjöldin þegar milljónir gyðinga misstu lífið við hörmulegar aðstæður. Gyðingar hafa í gegnum aldirnar þurft að búa við ofsóknir og ofbeldi og mótar það sterklega hvernig hópurinn samsamar sig. Þannig að ofsóknir og útlegð er orðið eitt af aðalsmerkjum og hluti af samsemdarpólitík beggja hópanna. Inn í þetta fléttast trúarbrögðin sem oft á tíðum réttlæta ofbeldi og hefndaraðgerðir og er það mitt mat að báðir hópar séu fórnarlömb sem föst eru í flóknu neti stjórnmála og trúarbragða.

Með því að beita kenningu Victor Turner reyndi ég að smætta vandann niður í viðráðanlegri einingar til að öðlast betri skilning á hinu flókna félagslega leikriti sem spunnist hefur í kringum Ísrael og Palestínu. Með þeirri aðferð er hægt að skoða þræðina frekar en allt efnið. Niðurstaða mín er sú að hið sammannlega hefur týnst í því orðagjálfri sem gjarnan fylgir pólitík og trúarbrögðum. Hið sammannlega í þessu tilviki er draumurinn um frelsi. Báðir hóparnir þráðu frelsi og gera enn. Gyðingar dreyndu um fyrirheitna landið þar sem þeir gætu lifað með reisu en í leiðinni sköpuðu þeir visst martraðarástand fyrir Palestínnumenn. Oscar Wilde sagði að [...] allir dýrlingar eiga sér fortíð og allir syndarar eiga sér framtíð¹⁴ og ef við tökum hann trúanlegan þá er draumurinn um frelsið ekki úti enn.

¹⁴ [...] every saint has a past, and every sinner has a future (Wilde, 2000: 462).

Heimildaskrá:

- Arab Association for Human Rights. (2002). *Silencing dissent: A report on the violation of political rights of the Arab parties in Israel*. Nazareth: Cook, J. og Key, A.
- Arendt, H. (1968). *The origins of totalitarianism*. San Diego: A Harvest Book.
- Auden, W. H. (1966). Refugees blues. *Collected shorter poems, 1927-1957* (Birgir Örn Steinarsson þýddi). London: Faber & Faber.
- Baroud, R, og Turk, M. A. (2003). *Remembering Jenin: Eyewitness accounts of the Israeli invasion, 2002*. Seattle: Cune Press.
- Barnard, A. (2000). *History and theory of anthropology*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Ben-Ami, S. (2006). *Scars of War, Wounds of Peace: The Israeli–Arab tragedy*. Oxford: Oxford University Press.
- Biblían (2007). Reykjavík: Hið Íslenska Biblíufélag.
- Bourdieu, P. (1986) The forms of capital. Í John G. Richardson (ritstjóri), *Handbook of theory and research for the sociology of education* (bls. 242-258). Westport: Greenwood Press.
- Bourdieu, P. og Wacquant, L. J. D. (1992). *An invitation to reflexive sociology*. Cambridge: Polity Press.
- Brunner, B. (leikstjóri) og El Fassed, A. (framleiðandi). (2010). The great book robbery [heimildarmynd]. Amsterdam: The 2911 Foundation.
- Cheater, A. (1999). Power in the postmodern era. Í A. Cheater (ritstjóri), *The anthropology of power: Empowerment and disempowerment in changing structures* (bls. 1-13). London: Routledge.
- Chomsky, N. (1999). (2. útgáfa). *The fateful triangle: The United States, Israel and the Palestinians*. Cambridge: South End Press.
- Chomsky, N. og Pappé, I. (2010). *Gaza in Crisis: Reflections on Israel's war against the Palestinians*. Chicago: Haymarket Books.
- Crossley, N. (2001). The phenomenological habitus and its construction. *Theory and Society* 30, 81-120.


- Darwish, M. (2008). My homeland is my suitcase (Kolbrún Magnea Kristjánsdóttir þýddi). Í H. K. Nassar og N. Rahman (ritstjórar), *Mahmoud Darwish, Exile's poets: Critical Essays* (bls. 4). Massachusetts: Olive's Branch Press.
- Eriksen, T. H. (1994). (3. útgáfa). *Ethnicity and nationalism*. London: Pluto Press.
- Falah, G. W. (2004). War, peace and land seizure in Palestine's border area. *Third World Quarterly*, (5)25, 955-975.
- Finkelstein, N. G. (1995). (2. útgáfa). *Image and reality of the Israel-Palestine conflict*. London: Verso.
- Funk, M. (2010). *Victims' Rights and Advocacy at the International Criminal Court*. Oxford: Oxford University Press.
- Gerson, A. (1978). *Israel, the West Bank, and International Law*. London: Frank Cass and Company Ltd.
- Gestur Guðmundsson. (2008). *Félagsfræði menntunar*. Reykjavík: Skrudda.
- Ghanem, A. (2000). The Palestinian minority in Israel: The „challenge“ of the Jewish state and its implications. *Third World Quarterly*, 21(1), 87-104.
- Goodman, A. og González, J. (framleiðendur). (14. febrúar, 2006). *Democracy Now: Norman Finkelstein on the „Not-so-New New Anti-Semitism“ and Shlomo Ben Ami on Terror, Torture, and Peace*. New York: Time Warner Cable.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2005). Habitus íslenskra unglinga. *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðmundur Hálfðanarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkur Akadémían.
- Gurr, T. R. (2002). *People versus states: Minorities at risk in the new century*. Washington: United States Institution of Peace.
- Hanafi, S. (2013). Explaining spacio-cide in the Palestinian territory: Colonization, separation and the state of exception. *Current Sociology*, 2(61), 190-205.
- Heimssöguatlas Iðunnar (1996). Í Helgi Skúli Kjartansson (ritstjóri), Hebrear. (bls. 27). Reykjavík: Iðunn.
- Held, D. (2008). *Models of democracy*. Cambridge: Polity Press.

- Israel Law Center: Laws of the state of Israel (e.d.). *Abandoned areas ordinance no. 12/5708-1948*. Sótt 19. nóvember 2013 af <http://www.israelawresourcecenter.org/israelaws/israelawcategory.html>.
- Israel Law Center: Laws of the state of Israel. (e.d.). *Law of return no. 5710-1950*. Sótt 19. nóvember 2013 af <http://www.israelawresourcecenter.org/israelaws/israelawcategory.html>.
- Khalidi, R. (1997). *Palestinian identity: The construction of modern national consciousness*. New York: Columbia University Press.
- Kramer, G. (2011). (3. útgáfa). *A history of Palestine: From the Ottoman conquest to the founding of the state of Israel*. Woodstock: Princeton University Press.
- Lahneman, W. J. (2005). Impact of diaspora communities on national and global politics. *Center for International and Security Studies at Maryland*, 1-35. Maryland: University of Maryland.
- Lewellin, T. C. (1992). *Political anthropology: An introduction*. Westport: Bergin & Garvey.
- Lewis, H. S. (1993). Jewish ethnicity in Israel: Ideologies, policies, and outcomes. Í J. D. Toland (ritstjóri), *Ethnicity and the State: Political and Legal Anthropology Series* (bls. 201-229). London: Transactions Publishers.
- Liphshiz, C. (2013, 10. apríl). Swedish politician resigns after Holocaust denial. The Global Jewish News Source. Sótt 20. desember 2013 af <http://www.jta.org/2013/04/10/news-opinion/world/swedish-politician-resigns-after-holocaust-denial>.
- Makovsky, D. (2004). How to build a fence. *Foreign affairs*, (2)83, 50-64.
- Nash, R. (1999). Bourdieu, 'habitus', and educational research: Is it all worth the candle? *British Journal of Sociology of Education*, 20(2), 175-187.
- Navarro, Z. (2006). In Search of Cultural Interpretation of Power. *IDS Bulletin* 37(6), 11-22.
- Nora, P. (1989). Between memory and history: Les lieux des mémoire. *Representation*, 26, 1-19.
- Pappé, I. (2004). *A history of modern Palestine: One land, two peoples*. Cambridge: Cambridge University Press.

- Pappé, I. (2006). *The ethnic cleansing of Palestine*. Oxford: OneWorld Publications.
- Ponting, C. (1994). *Churchill*. London: Sinclair-Stevenson Ltd.
- Rabinowitz, D. (2001). The Palestinian citizens of Israel: The concept of trapped minority and the discourse of transnationalism in anthropology. *Ethnic and Racial Studies*, 24(1), 64-85.
- Rabinowitz, D. (2007). „The Arabs just left“: Othering and construction of self amongst Jews in Haifa before and after 1948. Í D. Monterescu og D. Rabinowitz (ritstjórar), *Mixed towns, trapped communities: Historical narratives, spatial dynamics, gender relations, and cultural encounters in Palestinian-Israeli towns. Rematerialising cultural geography* (bls. 51-65). Burlington: Ashgate Publishing Company.
- Robinson, F. (1982). *Atlas of the Islamic world since 1500*. Oxford: Phaidon.
- Rowley, C. K. og Taylor, J. (2006). The Israel and Palestine land settlement problem: An analytical history, 4000 B.C.E. – 1948 C.E. *Public Choice*, 128(1), 41-75.
- Sa'di, A. (2002). Catastrophe, memory and identity: Al-Nakbah as a component of Palestinian identity. *Israel Studies*, 7(2), bls. 175-197.
- Safran, W. (1988). *Diasporas in Modern Societies: Myths of Homeland and Return*. Boulder: University of Colorado.
- Sahliyeh, E. (1993). Ethnicity and state-building: The case of the Palestinians in the Middle East. Í J. D. Toland (ritstjóri), *Ethnicity and the State: Political and Legal Anthropology Series* (bls. 177-200). London: Transactions Publishers.
- Said, E. (1992). On Palestinian identity: A conversation with Edward Said. Í S. Rushdie (ritstjóri), *Imaginary Homelands: Essays and Criticisms, 1981-1991*. London: Penguin Books.
- Schechner, R. (2006). (2. útgáfa). *Performance Studies: An Introduction*. Routledge: Abingdon.
- Turner, V. W. (1996). *Schism and continuity in an African society: A study of Ndembu village life*. Oxford: Berg.
- United Nations relief and works agency for Palestinian refugees in the near East.
Vefslóð: <http://www.unrwa.org/newsroom/features/jenin-refugee-camp>. (Sótt 20. október 2013).




- Vital, D. (2001). *A people apart: A political history of the Jews in Europe 1789-1939*. Oxford: Oxford University Press.
- Vertovec, Steven. (1999). Part I: Reappraising Contemporary Migration. Conceiving and Researching Transnationalism. *Ethnic and Racial Studies* 22(2), 1-16.
- Volkan, V. D. (2001). Transgenerational transmissions and chosen traumas: An aspect of large-group identity. *Group Analysis*, 34(1), 79-97.
- Wilde, O. (1966). *The works of Oscar Wilde*. Bath: Parragon.
- Yiftachel, O. (1997). Israeli society and Jewish-Palestinian reconciliation: „Ethnocracy“ and its territorial contradictions. *The Middle East Journal*, 51(4), 505-519.
- Yiftachel, O. (2001). Centralized power and divided space: „Fractured regions“ in the Israeli „ethnocracy“. *GeoJournal*, 53(3), 283-293.

Viðauki 1.




(Heimssöguatlas Íðunnar, 1996: 27)

Viðauki 2.



(Robinson, 1982: 141)

Viðauki 3.



(Robinson, 1982: 160)

